C 17

Héraðsskjalasafn
Austur-Húnavatnssýslu

# Ingimundur gamli
# Blað
# Málfundafélags Áshrepps
# 1920

# Ingimundur gamli

| Nr. 1. | Laugardaginn 24. janúar | 1. árg. |
| --- | --- | --- |

## Ávarpsorð.

Heilir og sælir! Nú kem jeg í annað sinn fram á sjónarsviðið, þó ekki gæddur holdi og blóði sem í árdaga, aðeins andinn í pappírsumbúðum.

Það hafði jeg sannspurt, að andar hinna dauðu gerðu sjer nú dælt við jarðarbúa, og vendu eigi allsjaldan komur sínar í mannheima. Hugði jeg því gott til að koma þangað og skygnast um. En fyrst jeg er kominn meðal yðar, þykir mjer miklu skifta, að þið sýnið mjer nokkur merki virðingar, en svo best er það gert, að þið miðluðuð mjer af auði anda ykkar, hver

# Aukið landnám.

Frá því að saga Íslendinga hefst, hefir landbúnaður verið aðalatvinnugrein þeirra.
Á síðasta aldarfjórðungi hafa orðið það stórstígar breytingar á lifnaði og atvinnuháttum þjóðarinnar, að mjög orkar tvímælis, hvort landbúnaður geti haldið meiri hluta þjóðarinnar innan sinna vjebanda, verði ekki meira unnið í þarfir hans, með aukinni ræktun landsins og fjölgun sjálfstæðra býla.
Verði landbúnaður að lúta í lægra haldi fyrir öðrum atvinnugreinum, er sú afleiðing auðsæ, að þjóðinni er beinn fjárhagsvoði fyrir dyrum. ~~Því að~~ Engin atvinnugrein dreifir afurðum sínum eins mikið og landbúnaðurinn, en það er aðalleiðin til almennrar velmegunar, að arður atvinnunnar skiftist sem jafnast til vinnendanna, og fyrsta skilyrði til aukinnar framleiðslu.
Hin nýafstaðna Evrópustyrjöld hefir sýnt þjóðunum áþreifanlega, hversu mikið fjármálaskilyrði þeim er, að efla þá atvinnuvegi, er lúta að framleiðslu, hvort heldur er



matvæla eða iðnaðarvöru. Síst af öllu megum við Íslendingar gleyma þessu eða vanrækja, því að lítil þjóð og fátæk á sjer enga framtíð, ef að atvinnuvegirnir fylgja ekki straumi tímans. og taka ekki þeim breytingum, er miða að eflingu þeirra og fjárhagslegri velmegun.
Það má segja að frumskilyrði landbúnaðar sjeu aðallega þrjú: Góð verslun, hentug jarðarafnot og nægur vinnukraftur. Fáist þessi skilyrði góð, er auðfengin framför innan landbúnaðarins. En vanti eitt eða fleiri þessara skilyrða, verður það skarð fyrir skildi, að stórhætta stafar af.
Vildi jeg nú fara nokkrum orðum um það skilyrðið, er nú má telja þýðingarmest, sem er jarðnæðisleysið, og kyrstaða í aukinni aukinni ræktun landsins.
Svo sem eðlilegt er, vilja flestir þeir, er hafa starfað að landbúnaði á uppvaxtarárum sínum, keppa að því marki að komast í sjálfstæða stöðu sem bændur. Mun þetta vera nokkuð almennt og byggist á heilbrigðum grundvelli og sjálfræðisfýsn manna.
Nú á seinni tímum, eru flestar byggilegar jarðir svo fullsetnar, eftir þeim búnaðarháttum

sem nú tíðkast, að ekki getur nema mjög takmörkuð fólkstala, komist að sæmilegum jarðarafnotum. Aðalástæða þessarar jarðaeftir- spurn gæti maður helst sagt að liggi í því að byggilegum jörðum hefir lítið sem ekkert fjölgað en eftirspurn jarða vaxið ákaft, en sem mikið hefir komið af því, hve afurðirnar hafa verið í háu verði.

Af þessari miklu eftirspurn, hefir komið sú geisi verðhækkun, á jarðir, að telja má vafasamt, hvort aðrir geti reist bú, en sæmilega efnaðir menn. Bændur, sem búa á nýkeyptum jörðum og verðháum — sjeu þær keyptar að miklu leyti í skuld — geta tæplega lagt nokkuð verulegt í umbætur á jörðunni eða bústofni sínum. Jarðaverð það sem nú er myndað, er svo langt fyrir ofan það verð, sem ~~nú er myndað~~ flestar jarðir renta sjálfar, að stór fjárhagsvoði getur vafað yfir þeim, er kaupa hinar stærri jarðir og dýrari nema þeir sjeu starfi sínu sjerstaklega vel vaxnir og afurðir haldist í háu verði

Alloft verða verðháar jarðir að fótaskinni kaupbraskara, með sífelldum eigendaskiftum



og þá oftast uppspentu eftirgjaldi; sjeu þær leigðar.

Þegar þannig stendur á má teljast gott, ef landsnytjar jarðarinnar haldast við, þegar eftirgjaldið er hátt og ábúðin ótrygg.

Á jörðum með slæmum leigumála, er venjulega lítið gert til þess að auka afurðir þeirra, eða bæta þær nema sjerstakir dugnaðarmenn eigi þar sæti; og finni sterka hvöt hjá sjer, að bæta það sjálf, að þeir hafi ekki grafið pund sitt í jörðu.

Eitt af því, sem orsakað hefir verðhækkun sumra jarða, eru hinar dýru húsabyggingar, einkum íbúðarhúsbyggingar, sem að þessu hafa oft verið dýrar, borið saman við afnot ~~þeirra~~ jarðanna. Þegar verðhækkunin stendur á þessum grundvelli, er hún hættulegust, því að ekki getur það verið rjetta leiðin, að byggja á dýrum byggingum, en láta ræktun jarðarinnar sitja á hakanum, sem miðar þó að því að gera jarðirnar færar um að bera það stórt bú eða gefa það af sjer, að ábúandi þoli að leggja ~~að leggja~~ það mikið fje í húsabætur, er menningin og tímarnir krefjast

Eins og jeg hefi áður tekið fram, geta efnaminni menn, nú orðið, tæplega keypt ábúðarjarðir

sínar og byrjað búskap á þeim. Dálítið öðru máli er að gegna um þá er byrja búskap á leigujörðum, en þeim fer nú fækkandi, því að flestir þeir er jörð kaupa hafa hana sjálfir til afnota. Á meðan jörðum fjölgar ekki, verða margir af þeim, er fjölskyldu hafa, annaðhvort að flytjast að sjávarþorpunum og kauptúnunum, eða vera í húsmenskuvistum, með litlum eða engum jarðarafnotum eða í þriðjalagi í vinnumensku. Fyrir fjölskyldumann, er enginn þessara kosta góður, því að það þekkjum við vel, að þeir eiga oft ófögrum kjörum að sæta í vistum og sífeldum flutningum. Og reynslu höfum við fyrir því, að í kauptúnunum hafa margir mjög takmörkuð skilyrði, að geta veitt fjölskyldu sinni viðunandi uppeldi eða tryggt sig á elliárunum.

En aðalhættan við flutningi fólks úr sveitum liggur í því, að venjulega er það með öllu gengið af sviði landbúnaðarins, og verður einn liður í þeirri keðju er eykur verðhækkun vinnunnar til búnaðar, en sú verðhækkun, er oft til þess, að mikill fjöldi af fólki, sjer sjer fært að vera mikið af árinu



í iðjuleysi. Önnur aðalhætta er stafar af burtflutningi fólks, er í því – að minstakosti með fjölskyldur – að venjulega eru þær gengnar að öllu leyti inn í þá atvinnugrein, er best skilyrði hefir til þess að keppa við landbúnaðinn, nema ef fjölskyldan hefir af einhverjum ástæðum ekki getu til þess að sjá fyrir sjer sjálf, þá fá framfærslusveitirnar þær endursendar. Þetta er því miður ekki svo sjaldan og það lakasta er, að bændur eiga oft óbeinan þátt í því að fólkið flýr sveitirnar, þótt að það hafi engin veruleg skilyrði, til að sjá sjer borgið á mölinni.

Sumir munu jafnvel segja að fólk geti verið í vinnumensku, þótt að það sje gift, en varla finst mjer að það geti talist rjettmæt kenning, að slíkt sje viðunandi, nema með allmiklum jarðarnytjum. Stærsti ókosturinn er þó sá, að eiga í sífeldum vistaskiftum. Með einhleypt fólk er alt öðru máli að gegna.

Í næsta blaði vildi jeg svo fara nokkrum orðum um það, hverjar leiðir eru heppilegastar, til þess að tryggja fleira fólki viðunanlegar lífsstöður í sveitum.

Mira.

## Stökur

(Gerðar vorið 1919.)

Hrannir bjartar ein og ein,
eflast, skarta, freyða,
faðma svartan fjörustein
falla hart og deyja.

Þær eiga snjallan síðan sýn
þó dvíni allra hylli;
er þær gjalla grimt með brim
grárra fjalla milli.

Öldugljáann alt um kring
eiga lágar svíðin
fjarst við bláan fjallahring
fram um bláu miðin.

Eftir daginn eru þá
oft um sæinn nætur
gullna blæju að breiða á
bláar ægisdætur.

Geir Kristjánsson.



## Vetrarkvöld.

Himininn er klæddur grárri hríðarúlpu; og víða hrannar loftið. Norðri kembir illhærurnar sínar af Brattatindi og túlka gamlir menn það jafnan ills vita.

Þykkur hjarnfeldur hylur jörðina, þó öslar í hælu hnjólum. Mjallrokan geysar eftir harðfenninu, því að veður gerist harðara og snjókornin sendast í andlit manni.

Dagurinn er liðinn að kvöldi. Jeg er einn á ferð, en á skamt ófarið að litlum bæ, er jeg vissi glögg deili á. Jeg hvata för minni, því að grimmúðugur skammdegisstormurinn, ~~xx í ~~ íslenski er í algleymingi, og þykir mjer hann illur förunautur.

Eftir fjórðung stundar nð jeg bæ þessum. Ekki sje jeg mjer fært að halda lengra, því að „brugðið gat til beggja vona" að jeg næði öðrum bæjum.

Jeg kný útidyrnar á bænum. Til dyranna kemur maður nokkuð við aldur og hæruskotinn

Ljós ber hann í hendi sjer, og blaktir það fyrir dragsúgnum, er fer um bæinn.

Bóndi þessi tekur hlýtt kveðju minni og býður mjer næturgistingu. Svipbragð hans og svipmót, ber vitni manndáð og vitsmunum. Hann leiðir mig um þröng göng og fremur lág. Dyr á baðstofu eru hnignar á hálfa gátt, og frá olíulampa, er hangir niður frá mæni hennar stafa geislar fram í göngin og bregða birtu í augun.

Baðstofan er í eino lagi og með hálfbygðu risi. Hrein er hún og björt, þó all fornfáleg.

Tvö rúm eru fyrir hvorum stafni hennar og snúa göflum saman. Fimta rúmið stendur fyrir miðri hlið gegn dyrunum.

Vinstra megin dyra er kommóða. Borð og tveir stólar framan við rúmið við suðurstafn.

Fjórar manneskjur eru fyrir inni Húsfrúin situr á öðru rúminu fyrir suðurstafni og spinnur band. Hún er kona við aldur stór og fríð sýnum, hárið er jarpt



og fellur í lokkum niður um herðar. Ennið er hátt og augnabrúnirnar eru hvassar yfir gráleitum augum og stórum. Nefið er kjarklegt, næstum beint. Hakan fram og varirnar saman. Í fyrstu sýnast drættirnir umhverfis munninn full harðlegir á kvenmanni, en þeir bera vitni festu og það sópar að henni, er hún gengur fram að annast um beina.

Tvö eru þar börn hjónanna, piltur og stúlka um tvítugsaldur. Bæði sýnast þau mannvænleg. Dóttirin situr hjá móður sinni prjónar og les. Pilturinn situr á rúmi fyrir norðurstafni og fljettar hnappeldu. Fjórða manneskjan er gömul kona og þreytuleg. Tekur hún ofan af ull.

Mjer er tilreiddur besti matur og eigum við bóndi mötuneyti saman. Fanst mjer til um risnu þeirra hjóna. Jeg er inntur frjetta og eru þau hjónin einkar málreif.

Talið vjek meðal annars að unglingunum. Hafa börn ykkar farið til menta? spurði jeg. Húsfreyja kvað nei við. „Okkur fanst jafngott að þau kynnu fyrst nokkuð til almennrar vinnu. Það er þá undir hælinn lagt, að t.d.

ungu stúlkurnar læri að prjóna og bæta
flík eftir að þær koma af skólunum, ef þær
kunna það ekki áður. Nú eða þá piltarnir fjár-
geymslu. Ekki lærist þetta í skólunum. Mjer
finst nú sá vísdómur nærta kollóttur í
báða enda, að t.d. piltar á búnaðarskólum
sjá ekki sauðkind allan veturinn og þó er
kallað að þeir sjeu auðvitað að læra fjárgeymslu.
„Mjer sýnist nú líka," bætti húsfreyja við og var auð-
heyrt að henni var farið að hitna, „að það geta
soðið út úr pottunum og finst líka geta verið sengju-
bragð að grautunum, þótt að þær sjeu skóla-
gengnar, og ekki rifast nú bæturnar um
sálið á flíkunum þeirra. Það er þá heldur
reynt að fá sjer nýja pjötlu úr kaupstað í
svuntu eða treyju. Ekki umturna nú
skólarnir öllu upplagi manna", varð mjer
að orði, „og sú löngun fólks að vera ekki í kar-
bættu, bendir þó á nokkurn fegurðarsmekk."
„Það er líka fegurð í því að bæta vel föt-
in sín," mælti húsfreyja.
„Viltu þá láta rífa niður alla skóla?" spurði
jeg. „mundi ekki hugsunarhátturinn verða
nokkuð einhæfur?" „Nei," mælti húsfreyja, „en



þeir verða að svara betur þeim kröfum, sem gerð-
ar eru til fólksins. Jeg játa að vísu að ánægju-
skortur fólks við vinnu, stafar allmikið af
lausung í vistarráði, einkum síðan að sjávar-
útgerð í stórum stíl fjekk á sjer bedra — þessu
hvarfli fram og aftur, rjett eftir því hvar
gullið hljómar hæst í það og það sinn. Fólkið
er rjett eins og dægurflugur eða flökku-
fuglar, eða hvað maður á að kalla það. Hugsunin
er að hafa kaup og fara svo. Þar með fæst
aldrei sú holla hluttaka vinnenda í högum
og þörfum húsbændanna og miklu minni
hlýjuð á sjer stað, bæði í vinnu og viðbúð.
„Það er nú reyndar ekki nema áskapað
eðli", sagði jeg, „að sitja við þann eldinn, er
best brennur". „Nei, auðvitað ekki," mælti hús-
freyja, „ef peningarnir lentu ekki í þeim
mikla svelg, er nefnist eyðsluógegnd. Því
meira kaup, því meiri eyðsla, er vana sagan."
„En svo jeg víki nú aftur að spurning-
unni," segir húsfreyja, „um mentun barna
okkar hjónanna, dettur mjer í hug út af því,
að það sje óðs manns æði að senda ungling-
ana frá sjer, þótt í skóla sje, fyr en komin

er nokkur festa í hugsuninni, fyr en
þeim er runninn dálítill „merguv í bein“,
andlega skoðað. Þeir þurfa ögn að geta valið
og hafnað.“ „En þetta eiga nú einmitt skól-
arnir að glæða,“ sagði jeg. „Já, að vísu,“ segir hús-
freyja. „Þótt að skólinn reyni að gera sitt
til vakningar, þá er það samtíðin maður,
— andrúmsloftið í umhverfi skólanna, sem
mjer stendur stuggur af fyrir lítt þroskaða ung-
linga. „Hefurðu ekki lesið Kolufell eftir prófessor
Nordal“? þar sem hann lýsir andanum í lífi
Hafnarstúdenta: „Sá hafði þótt sjálfstæðastur
sem alt hafði fyrirlitið og vel að vettugi
— nema sjálfan sig.“ „Eða hvað finst þjer
um þá menn, er setja jafnvel sjálfan frels-
arann skör lægra en t.d. Egil Skallagrímsson
og Napoleon Bonaparte. Finst þjer vera
alveg stjörnubert á sálarhimni þeirra.““

„Þetta eru nú svörtustu dæmin“ segir bóndi
„Enginn neitar því, að fólkið er í framför. Það er
frjálslegra og glaðara en það áður var, sveitirnar
~~hættir að xxxx~~ eru ekki lengur eymda og táradalir
og máltækið: „Heimskt er heimaalið barn“, vona jeg
að eigi sjer bráðum enga staðreynd.“



„Já, það væri betur að slíkt rættist,“ mælti húsfreyja, „en jeg
sný ekki aftur með það, að mjer finst þjóðinni síst
veita af að vera á verði um vilja-þrek manna og siðgæðis-
kend“.

Jeg veitti því athygli, að hlaupastelpan í rokkn-
um tók allskjótar sveiflur, og þá því snöggari, sem
skoðun húsfreyju mætir meiri mótspyrnu.

Það virðist hlutverk bónda að stilla í hóf sam-
ræðunum, og talar því hægra, sem hún talar meira.
Fer vel á þessu og er kvöldið hið besta.

Þorkell yngri.

# Skattalög.

(Brot.)

Hvar sem reglubundin þjóðfjelagsskipun er í heiminum, verður að hafa skatta, til þess að greiða með hin nauðsynlegu lögbundnu gjöld. Engir aðrir en villuþjóðir komast hjá því. Það er því þröngsýni og ósanngirni — sem er ósamboðin siðuðum mönnum — að ergja sig yfir öllum sköttum. Hinsvegar er rjett að krefjast þess, að hyggilega og sparlega sje farið með þetta samlagsfje þjóðanna, svo að gjöldin verði ekki hærri en nauðsyn krefur, og líka að þess sje stranglega gætt að gjaldþoli manna sje ekki ofboðið.

Í allri skattalöggjöf þarf að byggja á þeirri meginreglu að „taka skildinginn þar sem þau eru til", eða með öðrum orðum, að velja þá skattstofna, sem best þola álögur. — Annars verða skattarnir ranglátir.

Eins og menn vita, er það sjerstaklega hlutverk löggjafanna, að jafna þessum gjöldum í búa hvers ríkis. Það er ákaflega vandasamt verk, svo vandasamt, að engum öðrum



er til þess trúandi, en þeim, sem hafa til að bera víðtæka þekkingu, „praktiskt" vit, og síðast en ekki síst góðan vilja og eindregna samviskusemi.

Eftir þessar almennu athugasemdir, skal jeg geta þess, að það er ekki ætlun mín hjer að fara langt útí hina gildandi skattalöggjöf vora. — Skattakerfi hvers ríkis er svo umfangsmikið efni, að nóg væri í stóra bók. — Þekking mín mundi ná skamt til þess, og tíminn leyfir ekkert slíkt. Það er aðeins örlítið brot úr skattalögunum, sem hjer verður gjört að umtalsefni.

Lög íslenska ríkisins um beina föstu skattana eru frá 14. des. 1877. Eru þau lög að mörgu leyti vel hugsuð og samin á þeim tíma. Þar er eftir I. kafla um eignarskatt, fylgt meginreglunni: Að skattleggja þær eignir, sem þola álögur, jarðeignir og peninga. Þar er líka sú sanngirni sýnd, að draga má frá tekjum, leigur af þinglesnum veðskuldum í jörðu". Þó er þetta ákvæði svo orðað, að það má misbrúka. Nái eignartekjurnar ekki 50 kr., eru þær gjaldfrjálsar, annars eru þær 1 kr. af hverjum

25 kr. fullum.

Eftir II. kafla um atvinnuskatt, eru fyrstu 1000 kr. gjaldfrjálsar, þær eru skoðaðar sem þurftartekjur. Á þeim tíma var þetta nóg til að lifa af, fyrir einhleypan mann, þó nú víki því öðru vísi við. Af því sem tekjurnar nema yfir 1000 kr., að 2000 kr. fullum skal greiða 1 kr. af hundraði hverju í atvinnuskatt. Skatthæðin fer svo vaxandi eftir því sem tekjurnar hækka (og nú gildir hið sama um eignatekjurnar.) það er án efa rjett. Minna en 50 kr. yfir eitthundrað eða þúsund, verður ekki til hækkunar.

Samkvæmt viðaukalögum frá 26. okt. 1917, á ennfremur að greiða atvinnuskatt af tekjum af landbúnaði og sjávarútvegi. Þessa viðbót, að leggja skatt á framleiðslu ríkisborgaranna ofan á alt annað, sem á henni hvílir — tel jeg óþrifaráð, sem ekki geti rjettlætst af öðru, en af hinum stórvaxandi gjöldum, sem hafa lagst á landsmenn — ríkið — sumpart vegna Norðurálfuófriðarins, og meðfram vegna eyðslusemi og óhagsýni stjórnar og þings. — Þeir löggjafar sem hafa viljað fara sparlega með ríkis-



tekjurnar, hafa orðið í miklum minni hluta. Pest-nemur eyðsluhugur og jafnvel tildur, hefir sýkt of marga löggjafana.

Nú er svo komið að þarfirnar, -skuldirnar,- heimta að skattar og tollar sjeu lagðir á, hvar sem tekjur fást. — En þó að svo sje, má aldrei missa sjónar á því, hvert gjaldþolið er í raun og veru hjá hinum einstöku gjaldendum.

Þegar um atvinnuskatt er að ræða, þarf löggjafinn vandlega að gæta þess, að þurftartekjur einstaklinganna eru mjög misjafnar, og að þær hafa vaxið stórkostlega hjá öllum. Það ætti ekki að vera þungskilið mál, að fjölskyldumaðurinn t.d., hefir ekki sama gjaldþol og sá, sem er einhleypur, ef báðir hafa jafnar tekjur.

Þetta gildir jafnt um embættismenn og aðra atvinnurekendur, og þetta skilur hver einasta hreppsnefnd í landinu og hagar sjer eftir því. —

Þá er það einnig ljóst, að þegar leggja skal atvinnuskatt á búfjenað manna eftir framtali, eða á sjávarútveg, er ekki sama, hvort hið framtalda er í raun og veru eign, eða það er meira eða minna leyti í skuld, eða jafnvel byggingarfjenaður.

Í hvorugu því tilfelli, sem hjer eru nefnd, leyfa þó skattalögin — hvorki þau eldri eða yngri — neitt

frádrag. Það veldur misrjetti milli gjaldþegnanna og verður þessvegna að ranglæti.

Fyrst að tekjuskattslögin frá 1877, leyfa frádrátt vegna þinglesinna skulda, sem hvíla á jörð — sem jeg tel rjett, þó væri fullkomið samræmi í því, að fara líkt að við álagningu atvinnuskattsins, nl. að láta við þurftartekjur einstaklingsins, vissri upphæð fyrir hvern skylduómaga, sem hann hefir fram að færa. Þurftartekjurnar þarf líka að hækka að miklummun. Skattskylt á ekki að vera annað en það, sem eftir er, þegar búið er að draga hvorttveggja frá bruttotekjunum.

Á sama hátt ætti skattanefndum að vera heimilt að draga frá fyrir vitanlegu skuldafje, þótt að ekki sje þinglesið.

Viðauka-lögin frá 1917, eru aðeins bjeleg bót á gamalt fat. Eins og oft vill verða, þegar verið er að gera við gömlu flíkurnar, hefir þar sjest yfir göt og gloppur, sem engu minni ástæða var til að bæta. Verður því fljótt að taka fatið aftur og gera betur við það. Það dugir ekki að kveinka sjer við þessari vinnu, ef menn vilja ganga sæmilega til fara og eignast heilbrigri flíkur.



Geti menn samfærst um að hjer sje um verulega galla að ræða, ætti sem fyrst að ráða bót á þeim.

B. Sigf.

## Vísuhelmingur.

Strikin halla lífs ei lát
löng þó falli ganga. . . . .

Ingimundur gamli biður lesendurna að verpa hjer við. Skulu botnarnir birtir síðar og þá um leið seinnihluti þessarar vísu, sem hjer er sýnd að hálfu. Má þá til gamans sjá, hvað menn geta nálgast hverir aðra í hugsun og rími.

Ritstjóri: Kristján Sigurðsson.

# Ingimundur gamli

Nr. 2 | I. árg.

## Aukið landnám

Niðurlag.

Í síðari kafla þessarar ritgerðar, hafði jeg lofað að benda á einhverjar leiðir, er að mínu áliti væru framkvæmanlegar, til þess að tryggja landbúnað okkar, sjerstaklega með fjölgun býla, með jarðarafnotum og góðri lánstofnunar fyrir landbúnaðinn.

Til þess að þetta komist hvortveggja í framkvæmd, þarf að sjálfsögðu atorku þings og stjórnar, einkum til þess að búa út hentug

eftir staðháttum okkar og efnahag.

Í þessu máli liggja — að mínu áliti — þrjár leiðir til grundvallar.

1. að ríkið hafi forkaupsrjett á þeim jörðum sem sjerstaklega eru vel fallnar til skiftingar í tvö eða fleiri góð býli.
2. að banna bændum að hafa ábúð á fleiri jörðum, á þann hátt að flytja jarðargróða af einni eða fleiri jörðum á aðra, svo framt að hægt sje að byggja þær jarðir.
3. að semja hentug ábúðarlög, er sjerstaklega tryggi rjett leiguliða, er leggja mikið fje í arðvænlegar jarðabætur, eða framtíðarbyggingar, er sjeu við hæfi jarðanna.
4. að koma á fót lánstofnun, er veiti landbúnaði lán með betri kjörum en fengist hefir, bæði til ræktunar á nýbýlum, verkfærakaupum til jarðabóta o. fl.

Skal jeg nú skýra þessi 4 atriði nánar.

Margar stórar jarðir — sem vel er í sveit komið — eru það stórar — bæði að beitilandi og engjum — að hægt er að skifta úr þeim vel góðum býlum, án þess að það þurfi að rýra að mun, áhöfn á heimajörðunum, og þessi nýbýli



gætu þá orðið góðar smájarðir.

Jeg skal taka það fram, að hugmynd mín er alls ekki samtengd hinum dönsku grasbýlum; því að okkar staðhættir gera allt aðrar kröfur. En sjáanlegt er það, að búskapur á stórum jörðum og erfiðum, er tæplega framkvæmanlegur, þegar vinna er orðin jafndýr og nú, og jarðirnar í langt of háu verði í hlutfalli við afnotin. Því að nú kaupa menn ábúðarrjettinn fyrir allmikið af jarðarverðinu í mörgum tilfellum. Stóru jarðirnar og erfiðu, verða því hættulegastar í þessu efni; þegar bóndinn hefir ekki nógan kraft í vinnu eða peningum til þess að hagnýta sjer nytjar jarðarinnar, þannig að landsnytjarnar verði árlega í hærra hlutfalli en kostnaðurinn verður.

Þetta síðasta dæmi er jeg nefndi, ásamt því að bændur draga saman bú sín — sem getur stafað af ýmsum ástæðum — miðar hvorttveggja að því að ræktun jarðanna stendur í stað, framleiðslan á jörðum þessum vex ekki, en minkar oft.

Eins og jeg tók fram, á þetta ekki við nema tiltölulega fáar jarðir, en þeim þarf ríkið að ná undir sig smám saman. og jafnframt að haga

löggjöf sú í því efni, að eigendur jarða þeirra njóti fullrar sanngirni við þá sölu. Einnig mætti vel skifta jörðum er bændur ættu og vildu láta skifta. Þegar skifting jarða færi fram þyrfti vel að athuga að rýra eigi aðaljörðina ~~um~~ of, en fá aðeins úr henni það góð býli, er framfleyti sæmilega einni fjölskyldu, með þeim þjenaði er á þeim yrði hafður.

Í framtíðinni ykist þessum jörðum ýms gæði með vaxandi ræktun o. fl.

Víða eru ein eða fleiri jarðir lagðar undir aðrar stærri, einkum er þetta með hjáleigur eða sel, og mun þá oftast ekki hlýtt fyrirmælum laga í þessu efni. Manni getur varla dulist það, að þetta er hættulegt á margan hátt, fyrir vöxt og viðgang landbúnaðarins, þegar það fylgir með að jarðirnar fara í eyði, eða eru alveg notaðar af heimajörðinni. Með þær jarðir, er enginn ábúð fæst á, skiftir minstu máli, enda er sjaldan því til að dreifa.

Hver sú jörð, sem nytjuð er af heimajörðinni og er í eyði, er með tímanum alveg töpuð sem sjálfstætt býli, en það er höfuðsynd, sem bændur mega ekki drýgja, svo framt að býlið sje byggi-



legt. Þeir, sem vilja búa á tveimur jörðum, þurfa þannig að haga ábúð sinni, að hvorug jörðin tapi þeirri ræktun, er fengist hefir með margra tuga, eða hundrað ára vinnu.

Oftast stafar sveitafjelögum og landbúnaði yfirleitt tap af þannig löguðum búskap, því að minni hvöt er þá að halda út aukinni ræktun og framfleytslu heimajarðanna, en áður, og samlögð ábýli bera þar afleiðandi talsvert minni bústofn.

Nú á síðustu árum eru farnar að heyrast kröfur um endurbætta ábúðarlöggjöf, enda verður manni það vel ljóst, að jafngömul lög og núgildandi ábúðarlög eru; geta ekki fullnægt þeim breytingum, er hafa orðið á ýmsu, vegna breyttra bygginga, jarðabóta o. fl. Um það mál skal jeg ekki fjölyrða nú. Það myndi nægilegt efni í sjerstaka grein, en breyting á ábúðarlöggjöf verður að sigla í kjölfar laga um fjölgun býla.

Síðastliðin 20 ár, hefir landbúnaði verið stór bagi (að) því, hversu lánstofnanir hafa veitt lítil lán og of stutt, þótt að góð við hafi verið fyrir. Eftir því sem peningar falla, verður

þetta enn þá bagalegra og þing og stjórn þarf að kippa þessu lið bráðasta í lag.

Landbúnaðarstjettin þarf helst sjer- staka lánstofnun, er veiti lán til lengri tíma og með betri vaxtakjörum í sumum tilfellum s. s. til bygginga á nýbýlum, eða til ræktunar á þeim. Þær byggingar þyrftu að vera gerðar eftir hentugum og varanlegum fyrirmyndum. Geta þá býlin staðið að veði fyrir þessum lánum hvort sem ríkið ætti þau, eða einstakir menn.

Ekki væri leggjandi í aðrar bætur á jörð- unni, en arðvænlegar — s. s. girðingar, túnauka engjarækt og byggingar yfir hey og fjenað — ef fyrirtækið ætti að vera sem veð að miklu leyti.

Lánin ættu að veitast til mislangs tíma eftir því til hvers þeim væri varið.

Lánstofnunin í þarfir landbúnaðar, yrði að sjálfsögðu notuð mikið til ýmsra umbóta á öðrum jörðum, eða ýmsu er lýtur að framleiðslu landbúnaðarafurða, og þá ber þess vel að gæta að hafa lánskjörin vel sniðin eftir því, til hvers fjeð er fengið.

Síðasti áratugurinn er víst mesta fram-



fara og gróðatímabil íslenska búnaðarins, því að nú eru bændur farnir að nota almennara, ýms þau framleiðslutæki, er auka og flýta fyrir myndun afurðanna og auka verðgildi þeirra. Fjenaður færir nú betri arð, er stafar bæði af betri meðferð, auknum kynbótum og betri verslun.

Þjóðinni hefir líka skilist það, að bændastaðan er lífvænleg, en þótt svo sje, dylst víst fáum sveita- mönnum, að hún er erfið, og af því að hún er erfið og fremur seintekin gróðastaða, þarf sem flest af fólki að eiga kost á því að leggja fram krafta sína við það starf. En jafnframt skyldi það mun- að, að besta ráðið til þess að fá fleiri á það svið, er það að sem flestir, er færir reynast til búskapar, eigi sæmilega framtíð og einhvern veg til sjálfstæðrar lífsstöðu.

Á. B. J.

# Dulinn kærleikur.

(Björnstjerne Björnson.)

Með angur í bekknum hann beið
þá brosandi í dansi hún leið.
Það erti hans ró,
við öðrum hún hló,
svo ör hitti næmasta strenginn,
en um þetta vissi þó enginn.

Um kvöldið hún kom ekki inn,
hann kvaddi hana í það sinn,
hún bugaðist þá ljet og
og beisklega grjet
á brautu var lífsvonin gengin,
en um þetta vissi þó enginn.

Hann beið hverja líðandi stund,
nú leitar hann hennar á fund.
Þá kvöldi hún lík,
en hugsunin rík
var hinsta, um ástvininn genginn,
en um þetta vissi þó enginn.

Þorkell yngri
þýddi.



# Söngurinn.

Við skulum snúa athygli vorri að söngnum, örlitla stund.

Fáir munu þeir ~~vera~~ sem ekki vakna og fara að hlusta og beina huganum frá öðru ef þeir heyra orðið „söngur“, hvað þá ef þeir heyra sungið laglega.

Það er mitt álit, að meiri hluti þjóðar vorrar sje sönghneigður, og að hjá oss dyljist miklir sönghæfileikar: Það er einungis þetta: Vjer erum oft svo seinir til að nota þau oft, er felast með oss, bæði þá sem dyljast hjá þjóð vorri og landi.

Það er svo gott að sofa — svo afarvont að þurfa að vakna og berjast áfram, fyrir einhverju sjerstöku málefni. „Það er ómögulegt!“ Þetta er vana viðkvæðið svo afarmargra, og á þessu strandar svo eitt og annað, sem vakið er athygli á.

Jeg er nú ef til vill að víkja lítið eitt frá efninu en ekki er annað en snúa sjer að því aftur.

„Hver er sjálfum sjer næstur“. Oss er auðvitað skyldast að hugsa um ástandið hvað sönginn snertir, í vorri eigin sveit. Jeg hygg að nær því

á hverjum bæ, dyljist meiri og minni sönghæfi-
leikar, en þeir fá að skorpna saman og verða að
engu, af því að ekkert er á þá reynt.

Allir vita að vöðvarnir í líkama mannsins
verða linir og máttlitlir, ef þeir hafa litla eða
enga áreynslu. Þannig er það einnig með
raddböndin. Þau styrkjast og gefa frá sjer betra
hljóð og fegra, ef eitthvað er reynt á þau.

Safnið saman fólki, sem álitið er að geti
sungið — bæði ungu og miðaldra. Æfið það í söng
og jeg spái að það komi í ljós dágóðir sönghæfi-
leikar, og ef til vill alveg framúrskarandi hjá ein-
~~stökum~~ hverjum. —

Það er verið að knjekrjúpa utansveitar—
mönnum, til þess að skemta með söng. Jeg segi
ykkur að þið eigið menn og konur meðal ykkar
er geta skemt, allri sveitinni með söng sínum
ef þau að eins fengju æfingu.

Nú mun einhver segja: „Það er hjer
enginn sem getur kent söng", því að sjaldan
vantar vanstraustið. Jeg held nú samt að þessu
sje ekki þannig farið. Vor manneskjur eru
hjer vel að sjer í söng og það mjög vel. Þorsteinn
bóndi í Egilsstöðum og ungfrú Ramveig



Stefánsdóttir í Flögu. Betra álit hefi jeg samt
á Ramveigu, að því leyti að setja líf og tilfinn-
ingu í sönginn. Án tilfinningar er söngurinn
ekkert annað en hvellur hljómur. Þá fyrst, er
hann ber æðstu tilfinningar mannlegs hjarta
í ómnum sínum, getur hann lyft oss yfir
strit og armæðu lífsins. Já, mjer er næst skapi
að segja, að ekkert geti sem hann, lyft huganum
frá því lága og smáa.

Allstaðar þar sem er barnakensla, átti
að kenna söng. Það er yndi að horfa á börn, sem
eru að syngja. Þau hrífast svo með, að litlu
barna andlitin verða líkust engla ásjónum.

Fögru ættjarðarljóðin okkar mundu geym-
ast lengur í minni barnanna, ef þeim væri
kent að syngja þau. Það er nú því eins nauð-
synlegt að kenna börnum söng sem leikfimi og
er þá mikið sagt.

Vanrækið ekki sönginn eins herfi-
lega og hingað til!

Jeg skora á þá sem eru starfandi menn
í fjelagslífi sveitarinnar, að beita nú kröftum
sínum og vilja í þessa átt.

Reynið að æfa söngflokk og jeg spái

því, að ef þetta væri byrjað bráðlega, þá fengju þeir, sem sjaldan eiga kost á því að heyra góðan söng, en þrá hann þó, að heyra þessa margþráðu skemtun, um leið og vorfuglarnir byrja að syngja.

Hulda.

## Athugasemd.

Enda þótt Ingimundur gamli viti ekki hver Hulda er, sá hann ekki ástæðu til annars en birta góða grein hennar um sönginn, um leið er Huldu hjer með þakkað fyrir sendinguna. Gjarnan mundi blaðið veita rúm greinum frá þessari Huldu og enda fleiri Huldum, en óskar þá að vita um höfunda, hverjir þeir eru.

Ritstjórinn



## Fáein orð um nýtískuljóð.

Svo sem kunnugt er, hefir íslenskur kveðskapur — alt framan úr rauðri fornöld — verið bundinn með höfuðstöfum og stuðlum.

Þetta hefir verið sjerkenni hans, með því að útlendur kveðskapur fylgir engum slíkum reglum.

Það er og flestum kunnugt, er nokkuð þekkja til ríms, að ein lína í ljóði nefnist vísuorð, og eru jafnan tvö og tvö vísuorð bundin saman, þannig að tveir samhljóða stafir standa fremstir í einhverjum tveimur orðum fyrra vísuorðsins og nefnast þeir stuðlar. Þá er og þriðji samhljóðastafurinn, er stendur ætíð fremstur í fyrstu áherslusamstöfu hins síðara vísuorðs og nefnist hann höfuðstafur.

Þetta hefir nú verið það algengasta með ljóðstafa-gerð í íslenskum kveðskap. Út í annað er hjer að lýtur verður ekki farið. En alt er í „heiminum hverfult" og svo er með reglu þessa. Mörg hinna yngstu skálda brjóta hana, er þeim svo sýnist og gefa fjandanum gömlu reglunum. Einkum ber á því að höfuðstaf

er hafnað, enda öðrum stuðli og jafnvel báð-
um. Væri hafnað höfuðstaf, myndi t. d. Fífil-
brekka Jónasar byrja þannig: „Fífilbrekka
gróin grund, loðna hlíð með berjalautum“
o. s. frv.

Sú var tíðin, að hver sá var „veginn og
ljettvægur fundinn“, er flaskaði í ljóðstafa-
reglunni. Skáldin áttu í hættu — bæði hvað
snerti rím og hugsun — að vera sögð gerð af
því óskemtilega efni er nefnist leir“.

Sumir segja að skáldið þurfi ekkert
að vera bundið, hver megi haga rími eftir
eigin smekk og fara sínar eigin götur. En
þess ber að gæta að ljóðstafagerð í skáldskap
er mjög samgróin smekk þjóðarinnar og
það særir flestra eyru ef útaf er brugðið.

Sjálfsagt hafa einhverjir veitt því eftirtekt
þegar börn eru að reyna að yrkja, hvað þau eru
snemma næm á ljóðstafina, mikið fyr en þau
bera nokkurt verulegt skyn á efnið.

Jeg vil spyrja: Mætti ekki og með sama
rjetti taka uppá því einn góðan veðurdag
að breigja íslenskt mál ranglega eftir fólk-
inu: segja til d.: þetta er frá pabbi, „pabba



sagði þetta. Hvað mig sjálfan snertir, finst mjer
mjótt á milli hvað þetta særir og sum rímregla-
brey[ta]kslin.

Það kann vel að vera, að margir fái dáleika
á þessum nýtísku kveðskap, og víst fer sumstaðar
ekki illa á honum hjá t. d. Gesti, en jeg er sam-
dóma því sem stendur ~~sér~~ í einhverjum rit-
dómi um þetta efni: „Að hætt sje við, að þar
reki fjandinn inn alla hendina, sem hann
hefir komið inn einum fingri.“ Með öðrum
orðum: að menn kunni sjer ekki hóf í breytinga-
girninni og fyr en varir standi nýtísku far-
söttin yfir höfuðsvörðum sjereinkenna hins
íslenska kveðskapar.

Svo að gaslu stein og stál í stuðla látið
falla“. Þannig kveður Grímur Thomsen um
Jónas okkar Hallgrímsson. Þessi tvö vísuorð
minna mig altaf á traustan vegg og fallegan, þar
sem hver steinn fellur og smellur og eitt tag-
ið bindur annað, og vissulega var öllu rími svona
fyrir komið hjá „listaskáldinu góða“. Borið sam-
an við þetta, verður nýtísku kveðskapurinn
sundurlaus, líkastur vegg sem er hruninn.
Og sárt er til þess að vita, ef svo hrynur til

til grunna margt eitt ágætt þjóðlegt og sjerkennilegt, er lifir með þjóð vorri.

Þeirri vörn er haldið uppi af hálfu þeirra er hneigjast að nýtískukveðskapnum, að hugsunin ætti alveg að hafna í öllu þessu rími, og stundum sjeu kvæðin og vísurnar umbúðirnar einar — aðeins flókið rím og knúsað. En fyrst er því að svara, að fallegt rím á sinn mikla þátt í fegurð kvæðisins, á sinn hátt og fagur líkamsskapnaður eykur mikilleik hverrar persónu.

Í öðru lagi er það víst, að nýtískuskáldin birta ekki snjallari náttúrulýsingu í ljóðum en t.d. Jónas í „Fjallið Skjaldbreiður", og ekki kveða þeir fegurra um ástina, en Bjarni í „Sigrúnarljóðum", og ekki eru þau háfleygari en Matthías okkar, þegar hann kveður: „Ó guð vors lands", og ekki indælli ættjarðarljóð en Steingrímur, „Þú vorgyðjan svífur". Veit eg þó ekki betur, en þeir fylgi allir reglunum um ljóðstafi.

Það var ekki ætlun mín að rita hjer um langt mál, brestur mig til þess þekkingu og tíma



en þess skal getið, að líklega þýðir ekki að bjóða Sigmundi nýtískuþynku í ljóðum, svo gamall sem hann er í hettunni.

Þorkell yngri.

## Vetrarvísur.

Lengist njóla lítið á
ljósi bólar dagsins,
Vetur sjóli vakir hjá
valdastóli bragsins.

Norðri þræðir þönglaðjúp,
þyrlar slæðum fanna,
fjöllin klæðir kólguhjúp,
kalt er á svæði hranna.

Öldur háar hafi frá
hefjast nú og þrútna
kalda sjávar klettabrá

kastast á og brotna.

Fannir klæða frosið land,
fyrir það ei blánar,
hrannir æða upp á sand,
ýtt úr svæði ránar.

Deyr á engi rósin rjóð,
raun að mengi setur,
kveður lengi kuldaljóð
í klakastengjum vetur.

Köld þó mundin þyki þín
þú er fundið setur
þá er bundin þrávalt mín
þjer nábundin vetur.

Jelja milli mörg er sjá
– þó meir það illa höldum –
vísdómssnilliverkin á
veðurstillukvöldum.

Kvöldsins ró jeg kunni best
kyrt er nóg í salnum



þegar tóin sjerhver sjest
sveipuð snjó í dalnum.

Neðra margt er skuggaskraut
sköflum þarft til rósa,
efra bjart um uppheims braut
er af skarti ljósa.

Gleður kvaldan hug að sjá
huggun selda lætur
er á hvelfdum boga blá
bliku eldar nætur.

Þó vetur komi hug til sín,
kvölds í blænum þíðum
samt á vana vorin mín
vöggu í grænum hlíðum.

Björn Blöndal.

# Síðan um aldamótin.

(Eftir Þorst. Konráðsson.)

## I.

Heill þjer Ingimundur gamli!

Þótt þú endir ekki tilveru þína með því að biðja banamanni þínum griða, getur annað komið í þess stað, sem gerir minningu þína hugnæma á ókomnum árum.

Þitt verksvið er að bergmála skoðanir samtíðarinnar og verja glötun. Sendi þjer örfá orð. Stutt má ritað, rúm takmarkað, sný því að efninu.

Þótt ekki geti langt talist síðan um aldamót, er það samt næsta einkennilegt, hve skamt er komið á framsóknarbrautinni. Margir, sem þá voru lifandi – fallnir frá, aðrir vaxið upp, nokkrir komið aðvífandi. Frá mörgum hliðum skoðað, verður ekki annað sagt, en fólkið sje allgott, hjálpsamt, greiðvikið o. fl.



en þó er andinn innbyrðis allur annar en áður var og ætti að vera. Oft og einatt orsaka smámunir óþarfa misklíð, stafar það stundum af misskilningi, fljótfærni eða rangherni.

Það er í hvívetna talin sannindi, að þeir frjettafróðu fleipri, einatt með ósannindi. Þroskaður mannsandi á að hefja sig yfir slíkt, telja vansæmi að hlaupa á hundavöðum.

Þá er að snúa sjer að framförum í verklega sviðinu. Efnahagur er síst lakari ~~í verklega sviðinu~~ í lausum aurum. Jörðunum hefir frekar lítið verið gert til umbóta á þessum aldarfimtungi. Spurning um hvort sveitarvarður í föstu – á vanalega vísu – hefir vaxið, nefnil. að meira hafi verið gert á einstöku jörðum, en sem munar því, ~~sem~~ aðrar hafa rýrnað og gengið úr sjer.

Sönn tímans vinnur mikið á 20 árum. Sje litið til baka, gnæfa þeir samt, enn yfir, sem höfðu hjer framfara og umbóta stefnuna, á síðari helmingi 19. aldar: Þorsteinn á Haukagili, Hannes í Forsæludal, sra Hjörleifur, Blöndalsbræður, Björn á Marðarnúpi, Björn Sigfússon í Grímstungu o. fl.

Afrek okkar nútíðarmannanna ná ekki þessum, þegar skibyrðin eru borin saman. Í hverju liggur það? Er manngildið að minka.

Hver tími á sína sögu og skilur eftir sínar minjar. Unni menn hjeraði sínu, á að sýna það í hvívetna. Það er ekki nóg að hirða tekjurnar af býlunum, ef ekkert eða lítið er látið í staðinn. Það er illur undirbúningur í hönd komandi kynslóðar. Viljinn á að sýna sig í verki og einskis látið ófreistað er til framfara horfir. Í því efni er það ramvirkileikinn sem úr sker, betur en nokkur orð eða málaglamur.

Framhald á síðar.

---

Ritstjóri: Kristján Sigurðsson

---

# Ingimundur gamli

| Nr. 3 | Sunnudaginn 7. mars | I. árg. |
|---|---|---|

## Jón Bjarnason!

Í Þórormstungu í Vatnsdal var
hinn vitri Íslandsmögur
Af skólalærdómi hann lítið bar
en las þó fræði og sögur.
og það var hans ást til alfjarðar
sem örfaði hann hrein og fögur.

Þá var skammdegi í þjóðlífi Fróns
– þorra og góulriðar, –
—þar sem vjer eygjum æfi ~~hans~~ Jóns —
í útnyrðings kuldatíðar. –
og Íslandi varð þá alt til tjóns

þó yfir því birti síðar.

Mentunarleysi og margs kyns þraut
mætt' í honum Jóni' í Sungu.
en fararljóðin í frægðarbraut
hans forlagadísir sungu,
er þráin, er seinast sigur hlaut
svall í brjóstinu ungu.

Já, aðstaðan hún er erfið þar
sem útsýni skuggar loka,
og þekkingarleysis þokurnar
þykkar í sporum voka, —
eða íshríðar íslenskar
og úlfs norðan stroka.

Náttúrudýrðin heillaði 'ans hug
heima í dalnum fríða,
jók honum gleði, dirfsku og dug
um daga langa og blíða.
Á hugmyndavængjum hóf 'ann flug
hrifinn og ferðaðist víða.

Og þegar að vetrar fönnin fól



fegurstu sumarprýði,
flaug hans andi að fá sjer skjól
fyrir því kveljandi stríði.
Með „Úraníu" þá er hans ból
ómælisgeimunum víði.

Í ljósvakans öldum er yndið hans
um alheimsvídd að sveima
og horfa á þann mikla hnattafans
sem hver á sjer braut um geima.
Í hygð og ömurleik heimaranns
sig huggaði við að dreyma.

Hann leitaði að perlum í sannleikssjó
með sigurvon í hjarta,
og hvar sem báruvinn bylgjur hjó
blysin hans framtíðar skarta
og bjarmanum af þeim eldi sló
út yfir myrkrið svarta.

Jón skrifaðist á við merkan mann.
um málefnin þeirra stærstu,
í þrjátíu og níu ár þekti 'ann hann
og það voru brjefin kærstu

því sami eldur í sálum brann
á sólheimaferðunum glæstu.

Og heill sje þjer Þóra þín viska var
þess verð að geymist þín minning
þín viðleitni ágætan ávöxt bar
því öllir þar stóran vinning.
Jeg lít til baka og finn þitt far
við fortíðarsögu kynning.

Geir Kristjánsson.

## Sögur Rannveigar I.

Einar H. Kvaran
R.vík 1919.

„Verður er verkamaðurinn launanna", segir máltækið. Þetta reynist nú svo stundum, en brugðið getur út af því.
Ekki dylst mjer, að Einar H. Kvaran, er einn þeirra manna, er vinnur fyrir þessum bita, er þjóðin skamtar honum úr ríkissjó[ði]



Sannar hann þetta ljóst með þessum sögum Rannveigar.
Það er ekki ætlun mín að semja verulegan ritdóm um sögu þessa, – aðeins örfáar línur.
Það fer mjer stundum mikillar undrunar hversu margir hnjóða í E. H. Kvaran. Auðvitað er sú venjan, að þeir sem eru langt á undan samtíðinni, verða oft fyrir miklu aðkasti. Vera má, að hjá sumum ráði gömul minning, frá þeim tíma, er hann var slysagjarn fyllirútur. Margir setja það fyrir sig, að hann fæst mikið við dularfull fyrirbrigði og sálarrannsókn, og kveður svo rammt að gremju sumra yfir þessu, að jeg verst naumast þeirri hugsun – ef nú hefði verið galdrabrennuöldin frá 1627–1690, að E. Kvaran hefði haft ástæðu til þess að vera hræddur við bálið.
Satt er það, aðvísu kennir þessara skoðana E. H. Kvarans í sögum hans, en mjer finst þessu ívafi komið svo vel fyrir, að áferðin verður falleg. Og er það nema eðlilegt, þótt að skáldið – hvort heldur er sjálfrátt eða ósjálfrátt – freistist til þess, að gæða lesendunum á því andlega hnossgæti, er hann telur sig

öðlast, í þessu litt kannaða dulardjúpi. Og sýnir það ekki mánmást skáldsins, að vilja verma aðra við þann eldinn, er hann finnur bestan. Eða hver getur neitað því með fullum rökum, að Einar og aðrir slíkir, standi hjer ~~[illegible]~~ í fordyri á nýjum samleiksheimi. Það verður að taka það með í reikninginn, að andans mikilmennin, eru langsýnni inn í huldulöndin, en við hinir og hversu margt er nú ekki raunveruleiki, er áður þótti refsivert ósannindi.

Þá er að víkja að sögunni sjálfri: Fyrir löngu er það kunnugt, að Einar H. Kvaran ritar íslenska tungu manna fegurst. Jeg spurði eitt sinn einn mesta ritsnilling þessa lands", hvaða bækur væri best að lesa, með það fyrir augum, að komast vel niður í íslensku. Nefndi hann fyrst Íslendingasögurnar, þá rit Jóns Þ. Þils. sagnfræðings og svo sögur E. H. Kvaran. Hvað snertir málið á sögum Ranveigar, verður maður ekki fyrir vonbrigðum.

Valdi frá Völlum leggur í nokkurt tap vöð, til þess að koma sínu fram og stappar nærri slysi, þegar hann hleypir út



hestum Arngríms á Tjörnum, nóttina, er Arngrímur gistir á Gili, enda er Valdi "Glanninn" í sögunni. Hann minnir allmikið á "Hallen" lækni hjá Björnson, í sögunni: "Á guðs vegum" og á Tjerur í "Insta þráin" eftir Jóh. Bojer. Það er dirfskan og óskammfeilnin í æsku, en mikill manndómur og þrek með aldri.

„Laugin" er sá kafli sögunnar, er mjer þykir mest um vert. Þar vinnur kærleikurinn kraftaverk, eins og svo oft áður, í sögum Einars.

Þorsteinn á Völlum og Arngrímur á Tjörnum eru svarnir hatursmenn. Valdi sonur Þorsteins er unnusti Ranveigar, dóttur Arngríms, og nú hefir hann ratað í þá óhepni að eyða stórri fjárhæð, sem annar átti, en sem hann hafði verið beðinn fyrir. Og nú liggur ekkert fyrir nema hegningar-húsið, nema hann borgi út peningana, en engir vegir voru sýnilegir nema Þorsteinn á Völlum seldi búið.

Atvik þetta er því sama og dauðadómur yfir þeirri von Ranveigar, að faðir hennar gildi samþykki við því, að hún ætti Valda.

Arngrímur er stórefnamaður og Ranveig einbirni. Hún veit föður sinn eiga mikla peninga

í skattholinu. Þeir gátu bjargað. Hún veit að faðir sinn skotar alt hafi Valda glæps. Sjálf hjelt hún það sprottið af þessu dirfskufulla í fari hans. Og Valda sjer hún í huganum sitja í fangaklefa með þrællvanasvip og gleðin var horfin úr augunum. —

Höf. sýnir hjer miklar andstæður lífsins. Hann sýnir hvernig hatrið leggur skammdegis gadd og grafarmyrkur yfir hugi manna, en þá kemur kærleikurinn, eins og sólin sjálf. Í fyrstu gætir áhrifanna ekki meira, en þótt sólin ætti að þíða gaddinn í miðjum Vatnajökli. En Ramveig er ekki strax af baki dottin. Hún á andvökunætur, finst þá stundum sem alt muni takast, því að „í þögn næturkyrðarinnar getur það stundum orðið greiðfært, sem ókleift er um hádegi, og í hljóðleika húmsins geta vonirnar stundum stigið þar ljettan dans, á gróugri grund, sem ekki er annað en urðir og klungur um nónbilið", eins og skáldið kemst svo meistaralega að orði.

Um síðir tekst henni að losa klakahúð hatursins af sál föður síns, og fer hann, til þess að leggja fram peningana úr skattholinu



og bjarga þar með Valda og Þorsteini.

En hvað er það svo sem eyðir gaddinum? Það er frelsarans heilaga kenning, og hjer er þungamiðjan í því, sem Einar vill lesaranum það er að krydda daglega lífið með fordæmi Krists.

Ramveig finnur það ráð að láta föður sinn heyra sögu, þar sem frelsarinn ræður Sadók — er átti óvini eins og Arngrímur — að þvo sjer í fyrirgefningarlauginni. — Og Arngrímur þvoer sjer í fyrirgefningarlauginni. — Sagan fagra bræðir ísinn af sálu Arngríms, en erfiðlega gekk það. „Ertu óbifanlega sannfærð um það Ranka, að Kristur hafi altaf verið sanngjarn?" En hjer fer eins og áður fyrir Einari, hann lætur Jesú Krist birtast Arngrími og þá eru síðustu klakaböndin brostin.

„Jeg sá hann í nótt," sagði hann. „Hvern?" spurði jeg. „Hann — hann, sem læknaði Sadók". „Í draumi?" spurði jeg. „Jeg veit ekki, en jeg sá hann."

Hjer er ekki fullsagt, hvort þetta hefir verið sýn, eða Arngrímur hefir sjeð frelsarann í huga sjer. Hugsum okkur, að hann hafi birst

honum sem sýn, eigi að síður finst mjer fara svo vel á þessu hjá höf., og eitt er víst að þeim tilgangi er náð með þessu að láta kenningu Krists breyta og bæta.

Betur hefði jeg kunnað því, að Valdi hefði sjálfur afhent Ramveigu peningana í kvennaskólanum, en að senda marga slor-uga sjómenn með bláókunnuga, með sína 500 hvern. Gaf það tilefni þess að bera brigður á gott siðferði hennar. Finst mjer þetta því undarlegra, þar eð fleiri ár voru liðin síðan þeim fór nokkuð á milli Valda og Ramveigu, og hún vissi ekki hvort hann var lífs eða liðinn.

Jeg geri þó ráð fyrir, að með þessu vilji skáldið marka með skýrari línum, and-stæðurnar milli hins klausturkenda siðferðisanda — er einkendi margar hefðar konur þess tíma, er sagan gerðist á og lýsti sjer svo átakanlega í frú Hardal — og hins skjóta, hikrodalausu og brosandi kynn-ingu karls og konu hins síðari tíma.

Mjer finst sagan vera kærkominn [illegible]



og margt af henni að læra. Hversu margir eru þeir ekki, sem hefðu gott af því að skola af sjer með Sadók í „laug fyrirgefn-ingarinnar." Og sagan sýnir hvernig kærleikur-inn „vonar alt og umber alt", eins og stend-ur í guðsorði. Og þegar þetta hugðarefni er borið fram í allri snild vors „ástkæra ylhýra máls", þá má óhætt segja, að „verður er verka-maðurinn launanna."

Þorkell yngri.

# Síðustu harðindin.

## I.

Veturinn gekk mjög snemma í garð, svo að elstu menn mundu ekki eftir jafn hörðu hausti. Það mátti telja, að hann hefði byrjað seint í september, eða rúmum mánuði áður en háskólinn í Kaupmannahöfn, hafði fyrir að hann myndi koma. Jarðlaust mátti heita að væri orðið í byrjun desembermánaðar, sífeldar

sífeldar hríðar og hörkufrost, sem hjeldust til sumarmála. Einnig rak hafís að öllu Norður og Vesturlandinu, rjett eftir áramótin. Útlitið varð því mjög ískyggilegt með fóðurbirgðir manna, einkum í þeim sveitum, sem venjulega hafði mátt treysta á vetrarbeit.

Samgöngur allar á sjó voru teftar sökum hafíss og matvara ekki fáanleg í verslunarstöðum til skepnufóðurs. En þótt svo hefði verið, að útlend matvara hefði verið til, þá var hún komin í svo hátt verð, að ógerningur hefði verið að hafa hana handa skepnum.

Dýrtíð var ákaflega mikil um þær mundir og hafði verið síðustu árin, svo að þing og stjórn sátu saman langvistum í hverju ári, til þess að ráða fram úr vandræðum þeim, sem hún orsakaði þjóðinni. Síðasta þing sá því ekki annað fært, en að veita öllum dýrtíðaruppbót. Embættismenn og allir þeir, sem einhver störf höfðu með höndum í landsins þarfir fengu þá uppbót í peningum, en bændur og aðrir framleiðendur fengu sent heim til sín—þeim alveg að kostnaðarlausu—áskorun um að vera sjálfum sjer nógir.[1]

[1] Leiðbeiningar í garðyrkju eftir E. Helgason.



Það sýndist því vera, að þetta hefði komið í góðar þarfir, þegar einmitt rjett á eftir, kemur ómuna harður vetur. En því fór ver, að er fram á veturinn kom, fór margur skepnueigandinn að sjá fram á, að ef tíð batnaði ekki því fyr, þá mundu þeir ~~þeir~~ ekki verða sjálfum sjer nógir. Og þegar kom fram á útmánuði, var orðið útlit fyrir mjög almennan fellir.

Stjórnin sá sjer því ekki annað fært, en að kalla þingið saman seint um veturinn, ef hægt yrði á einhvern hátt að ráða fram úr þessu vandamáli, og þótt það gæti ekki tekist nú að koma í veg fyrir skepnufelli, þá á einhvern hátt til varnar því, að það þyrfti ekki að koma fyrir aftur.

Fyrir nokkrum árum hafði einn þingmaðurinn skrifað um „Næstu harðindin" og bent þar á að eina leiðin til þess að geta bjargað Norðurlandi í ís og harðindaárum, væri að leggja járnbraut frá Suðurlandi og norður um land.

Oftar en einusinni hefðu komist inn á þing frumvörp þess efnis, að leggja járnbraut frá Reykjavík austur á Rangárvöllu, sömuleiðis frá Reykjavík að Borganesi norður til Akureyrar, en þau voru jafnharðan feld

Nú lagði stjórnin það mál enn á ný fyrir þingið, að sem allra fyrst yrði unnið að því að leggja járnbraut norður, og hafði það svo ótrúlega góðan framgang í þinginu, því eftir að hafa haft málið til meðferðar um tvo mánuði, var því flýtt og afgreitt með afbrigðum.[1]

Stjórninni var falið að láta mæla fyrir brautinni frá Reykjavík til Akureyrar og gera kostnaðaráætlun. Svo ef veita þyrfti einhverjum dýrtíðarvinnu næsta vetur, að láta þá vinna að undirbúningi brautarinnar. Einnig ákvað þingið að landsverslunin skyldi hafa til kraftfóður, svo ef einhver hjerað, úti um landið kæmist í fóðurskort að vetrinum, þá skyldi það sendast þangað, ef ekki væru teftar samgöngur. Forðagæslumenn í hverjum hreppi skyldu gera áætlun um hversu mikið kraftfóður þyrfti fyrir hreppinn, og sendist hún áleiðis til landsverslunarinnar, eftir nánari ákvæðum bjargráðanefndar. Kraftfóðurvöru-seðlar skyldu gefnir út, og afhentir öllum

1) þ. e. frá þingsköpunum.



þeim skepnueigendum, sem álitist að ekki hefðu nægilegt fóður fyrir fjenað sinn, því að kraftfóður skyldi ekki af hendi látið við neinn mann, nema því að eins, að hann framvísaði seðli fyrir hverja skepnu, sem hann hefði á fóðri.

Þannig var stofnað eitt fóðurforðabúr fyrir allt landið.

Niðurlag næst.

## Hugleiðingar

Fyrir löngu er það víst, að á því hærra þroskastigi sem þjóðirnar standa, því næmari tilfinningu hafa þær fyrir því, að allt það, sem náttúra þeirra eigin lands elur í skauti sjer, fái að varðveitast, sem auðið er, frá glötun og tortímingu. Tilfinningin vex fyrir því, að þetta er mönnunum gefið til þess að vernda, prýða og varðveita og lifa í návist við, en ekki til þess að reita og rífa

niður í blindni að villimannahætti. Þetta kemur ekki aðeins fram í því, að vilja vernda og geyma fornfræg meistaraverk, samanber t.d. dómkirkjuna í Reims á Frakklandi, heldur og það, sem hin haga hönd náttúrunnar byggir.

Í þessu skyni hafa menningarþjóðirnar gert hina svonefndu „þjóðgarða“. Einna flestir og mestir eru þeir í Bandaríkjunum. Það eru girt af stór svæði, þar sem náttúran heldur öllu sínu: Jöklum og fjöllum, gjám og gljúfrum, ám og vötnum, hverum og laugum, dýrum og gróðri o. s. frv. Þar hefir náttúran fullan frið með alt sem hún elur, heldur fegurð sinni og sjerkennum. Menn mega að vísu skoða garða þessa og ganga um þá, en þaðan má ekki flytja á burt, svo mikið sem eitt smáblóm.

Hvernig horfir nú þessu við á Íslandi? Hvað höfum við gert til þess, að vernda það, sem íslenska náttúran elur? Hjer verður að skilja milli þess, að mönnum er frjálst að notfæra sjer gæði landsins innan vissra takmarka og hins að láta greipar sópa um hvað sem er, og finna engan



metnað í því, að láta ekki náttúruauðæfin ganga mjög til rýrnunar.

Það er sárt að kannast við þann sannleika, að við höfum ekkert hirt um þenna metnað, en rúið landið ósleitilega. Fornmenn byrjuðu á skóginum, og kynslóðin hver eftir aðra fór að dæmi þeirra og eyddi honum miskunarlaust. Þessa sögu þarf ekki að segja lengri, allir vita hvernig nú horfir með skóginn á Íslandi.

Þá er og kunnugt hvernig Íslendingar komu fram við „geirfuglinn“, að hann varð aldauða laust fyrir miðja 19. öld, og þann veg mundi vera komið með fleiri íslenska fugla, ef guð og náttúran hefði ekki gætt þá meiri flughraða.

Þessi dæmi læt jeg nægja, til að sýna hvernig hjer hefir verið gætt notfærslutakmarkanna.

Svo sem vonlegt er, hefir löggjöfin leitast við að reisa skorður við mikilli hnignun náttúrunnar af mannavöldum, meðal annars verið samin lög um friðun fugla, og verður ekki annað sjeð, en að þau lög sjeu alveg sjálfsögð, og þó hafa margir horn í síðu þeirra, en það munu einkum vera þeir, sem drepa fuglinn eftir sem áður.

Franskur spekingur hefir sagt, að einstakling-

urum væri alltaf andvígur því, sem snerti hans eigin hagsmuni, enda þótt það varðaði almenningsheill.

Þetta er einmitt vana sagan hjer á landi, að mönnum er mjög gjarnt til þess að ota tönn og klóm að landslögum, og ólöghlýðni hefir löngum þótt einkenna Íslendinga.

Næm tilfinning fyrir lögum, hefir verið af skornum skamti hjer á landi; en þetta hefir haldist í hendur við það, að lögbrjótarnir hafa verið mjög óátaldir, þótt þeir sjeu staðnir að því að brjóta og lofað að gera það í fullum friði.

Það munu víst vera teljandi þær krónur er inn hafa komið í sveita og bæjarsjóði, sem sektarfje, fyrir dráp friðaðra fugla; er það þó mála sannast, að þeir eru mjög drepnir og lögin frá 1913, tala þó um sektir, er tvöfaldist við ítrekun brotsins.

Stundum get jeg naumast varist þeirri hugsun, að til sjeu þeir menn, er telja dráp friðaðra fugla lítils um vert og sem eitthvert sjálfsagt verk. —

Það er heiður og fagur sunnudags-



morgun, sólin stafar geislum á eina spegilskygndu tjörnina á engjunum, sem koma svo oft á vorin. Margbreyttur fuglasöngur eykur á unað morgunsins og blandast við aðrar raddir náttúrunnar. Og maður finnur sig snortinn af þessum einkennilegu, ljúfu innri kendum, sem náttúran ein færir manni stundum. Tilfinningarnar eru náskyldar þeim, er lýsa sjer hjá sumum, er þeir koma í uppljómaða kirkju og heyra fagran söng. —

Allt í einu er skotið af byssu, og óbeitarkendin gerir vart við sig á svipstundu.

Hvað boðar nú þetta? hugsar maður. Kanski það sje nú einhver veiðigarpurinn að skjóta í mark að gamni sínu, og sje að prófa byssuna sína og vita hvernig hún muni duga á friðaða fuglana á mánudaginn. Ekki er verið að skjóta naut eða hunda, því að sú er ekki venja á sunnudögum. Bráðum kemur í ljós hvert skotinu var stefnt. Helsærður svanur lýstur vængjunum eina spegilskygndu tjörnina, og er skilinn frá fjelögum sínum, er sloppið hafa, og flýja með hávaða miklum og beina flug fram og upp í háloftið, uns fögru hvítu dýrin bera við sólroðin fjöllin

Frá mínu sjónarmiði er það eitt hið ljót-
asta í fari manna, að drepa fuglinn friðaða.
Allir ættu að geta fundið, hvað þeir auka
ágæti og mikilleik hinnar íslensku náttúru.
Og sem betur fer, munu fáir svo gerðir, að þeir
mundu ekki sakna vinar úr stað, ef allur
fugl væri farinn. Það er meira að segja sárt
til þess að vita, hve allir fuglar eru nú orðnir
styggir.

Jeg er svo gerður, að mjer finst vorfugla-
söngurinn bæta nokkuð úr orgelsleysinu heima
hjá mjer — einkum svanahljómur í hæfilegri fjar-
lægð. Veit jeg að þessu er ekki svo farið með alla
veiðimenn. Talað hefi jeg við þá veiðimenn, er þykir
svanahljómurinn ertandi og taka því líkt fram
er seppi og krummi talast við á sorphaugi.

Einhver vill kanski segja, að það sje ráð
að klaga og sekta þá sem brjóta, og víst eru það
hreppstjórarnir, sem eiga hjer að ganga á undan
í lögverndun — enda þótt að það sje siðferðisskylda
allra. Og ef segja skal sannleikann, þá er það alsið-
er menn vilja hliðra hjá sjer að vera sekta nágranna
sína og klaga, og ekki hygg jeg það gott til þess að
tryggja sveitarsamúð.



Ekki er því til að dreifa, að sulturinn reki menn
af stað, til þess að bana friðaða fuglinum. Jeg hygg,
að þeir sjeu ekki svengri en hinir, sem aldrei
drepa fugl.

Jeg teldi heppilegt, þar sem væru starfandi
fjelög í sveitunum, s.s. ungmennafjelög, málfundafje-
lög, eða önnur slík, að þau tækju máls á þessu
innbyrðis með sjer og bindust samtökum og sam-
mælum og loforðum um að lögvernda fuglinn. Það
væri drengskaparbragð hrósvert, eins og hitt er last-
vert að drepa fuglinn, ef það er þá gert í því skjóli,
að enginn vill eiga í því að klaga. Minsta kosti er
það fyrsta krafa, að fuglinn sje ekki drepinn á helgi-
dögum, og menn eru skyldugir að sjá fuglinn í friði,
þótt að veiðihneigðin sje mjög sterk eðlishvöt, svo
sem sumir sálfræðingar halda fram.

Það stoðar ekki neitt þótt að þing væri
haldið á hverju ári og stæði 365 daga í einu og
það sendi fjallháa hlaða af laga fyrirmælum.
Virðingin fyrir lögum landsins verður að koma inn-
an frá úr hugskoti einstaklinganna. Sífeld laga-
brot deyfir tilfinninguna fyrir gildi þeirra og nyt-
semi, og síst af öllu mega menn ráðast á þau lög,
er að einhverju leyti koma í veg fyrir það, að nátt-

úrupprýðin og auðæfum hennar, hnignar [illegible] um of.

Þorkell yngri.

# Síðan um aldamótin

## II.

(Eftir Þorstein Konráðsson.)

Til þess að geta fengið betra ljós yfir menningu þessa hluta 20. aldarinnar, er nauðsynlegt að vita á hvaða grundvelli hún er byggð. Verður því að líta aftur til seinnihluta 19. aldar, til að kynnast skilyrðum og aðstöðu þá starfandi bænda og framkvæmdum þeirra.

Áhugi til framkvæmda var þá vaknaðar, og nokkuð um það ritað í Húnvetningi bls. 11-23. 1857. Einnig framar um „Heyhlöður og vatnsveitingar", bls. 60-92. Reykjavíkurpóstinum bls. 41, 1848. Norðanfara og víðar. En framkvæmdirnar áttu við örðugleika að stríða. Fyrst fjárkláðann mikla og afleiðingar hans — niðurskurðinn. Hvert



vandræðaárið ~~eftir~~ rak annað. Ísharðindin miklu milli 1880 og 90. og verslunin í molum. Verðlag á búsafurðum því afarlágt en sumar útlendar vörur dýrar, t.d. timbur. Flutningar allir erfiðir, því að flutningatæki voru slæm.

Á þessum aldarhluta munu þó hafa verið byggðir í Áshreppi 10 bæir að öllu leyti og 7 að nokkrum hluta, 4 íbúðarhús og 19 stærri og smærri heyhlöður.

Peningshúsagerð var einnig mikil, því að allmargir bændur byggðu hvert hús upp á jörðum sínum, t.d. Benid. Blöndal í Hvammi, Jónas í Eyjólfsstöðum, Björn á Marðarnúpi, séra Hjörleifur, Magnús Steindórsson, Árni í Flögu o. fl. Rekaviðinn urðu þeir oft að klakkflytja utan af Skaga. Menn komust í kaupstaðarskuldir á þessum árum, en það voru þá að jafnaði einu skuldirnar, en óhætt mun að fullyrða að mestur hluti þeirra mun hafa verið greiddur um 1900, helst eftirstöðvar hjá eldri mönnum enda verslunin þá farin að lagast, og smábýla-öryrkjabúskapurinn — að hverfa úr sögunni, er í hvívetna hafði hinar verstu afleiðingar.

Alls voru þá eftir því sem Árni Magnússon telur — fallnar undir aðrar jarðir í Áshreppi, 19 hjáleigur og smábýli. (sel ekki talin með.)

Í kringum [1] 1870 var í Grímstungusókn allöflugt lestrarfjelag. Menn þeir Grímstungubræður, Þorsteinn og Eggert hafa veitt því forstöðu. Nokkru síðar var það lagt niður, bækur [2] þess — sem margar voru merkar — seldar, og rann andvirði þeirra í sjóð búnaðarfjelagsins sem stofnað var af flestum bændum sveitarinnar kringum 1880.

Sökum þess að bækur fjelagsins eru ekki fyrir hendi, er ekki hægt að útfylla dagsverkatal á hverri jörð. Vinnan var víða mikil, tún girt með grjótgörðum og sljettuð og jarðeplarækt aukin.

Vatnsveitingum var mikið unnið að, bera þess menjar þann dag í dag hinir grasgrónu garðar sem víða eru um engin.

Á umræddum aldarhluta, var kostað miklu

---

1) Lestrarfjelag það sem nú starfar í sveitinni, var stofnað árið 1896, þann 23. apríl.

2) Árbækur Espólíns. Annálar Björns á Skarðsá. Flateyjarbók o. fl.



fje til námsmanna, svo ekki stórri sveit. Alls munu hafa verið kostaðir í latínuskólann, 14 piltar [1], þar af 11 tekið embættispróf. Einn kostaður við búnaðarnám erlendis (Ágúst Blöndal eldri.) Eftir hann liggur merkileg ritgerð um vatnsveitingar í Húnvetningi 1857 bls. 60 – 81.

Kvennamenntun var í molum, ekki síður að kosta þær til náms, kaup þeirra lágt og aðstaðan erfið. Af tilfinningu fyrir misrjetti í þessu efni, sameinuðu þeir krafta sína, Björn Sigfússon, Þorsteinn Eggertsson og Magnús Steindórsson og komu á fót hlutaveltu, sem haldin var í Ási, 22. apríl 1875. Það sem inn kom kr: 169.96 voru stofnpeningar kvennasjóðs Undirfells og Grímstungusóknar.

---

1) Að meðtöldum Blöndalsbræðrum eldri.

2) Í dönsku safnriti yfir sjóði og dánargjafir á Íslandi, prentuðu í Höfn 1899, stendur að kvennasjóðurinn sje stofnaður árið 1880 af Birni alþ.m. Sigfússyni með kr. 125.48. Ekkert af þessu kemur heim við þau gögn, er finnast hjer í sveitinni og þetta snerta.

Hlutaveltunum var haldið áfram í nokkur ár
til ágóða fyrir sjóðinn frá 1875–1887. Stundum
keypt fje að vorlagi fyrir peninga sjóðsins, og selt
að haustinu með hagnaði. Fyrirhöfn var gefin.

Sjóður þessi nemur nú rúmlega 2000 krónum
Hefir hann með nokkru af vöxtunum styrkt
40 fátækar stúlkur til náms og sumar fleiri en
einn vetur.[1]

Þetta er frá mörgum hliðum skoðað, eitthvert
hið fegursta og þýðingarmesta hugsjónaverk þeirra
tíma, þegar þess er gætt hverjar þjóðfjelagslegar
afleiðingar það hefir, að auka sjóndeildarhring
konunnar.

Uppástungumaður þessa fyrirtækis var
Björn Sigfússon, hefir hann alla tíð veitt sjóðnum
forstöðu, enda barist flestum núlifandi mönnum
meira fyrir mentun kvenna.

Á þessum aldarhluta átti sveitin ýmsa
afburðamenn og meira að segja í vísindum. Skal þar
tilnefna reikningsmeistarann og stjörnufræðinginn
Jón Bjarnason í Þórormstungu. Hann var af-
burðamaður að viti, og þekkingarforði sá, sem hann

1) Alls hefir sjóðurinn veitt námsstyrk um 1500 kr.



hafði yfir að ráða, er einsdæmi hjá sjálfsmentuð-
um alþýðumanni upp í sveit. Eftir hann liggja
ritaðar margar bækur um ýms vísindaleg efni
Eru flestar þeirra nú á landsbókasafninu.

Því miður hefi jeg ekki getað kynst nema að eins
einni og það fyrir mörgum árum, var hún þá í eigu
Jónasar bónda í Litladal. Jón Bjarnason var á undan
flestum samtíðarmönnum sínum í jarðeplarækt, mörg
garðstæði í þessari sveit eru valin af honum. Hann
ritaði um jarðeplamjöl í Húnvetningi 1857 bls. 93.
Jón Bjarnason dó 20. nóv. 1861. Eftir hann ritaði
Björn Gunnlaugsson í Þjóðólfi 9. jan. 1862. Þeir voru
mætir vinir og skiftust á brjefum um 40 ár.

Áður en við skiljum við þennan aldarhluta,
skulum við skygnast um á heimilunum. Heimilis-
lífið var fábrotið og látlaust, hvarvetna ríkti andi
iðni og stjórnsemi. Sagnalesturinn — þetta sterka
menningarmeðal — sveipaði heimilin samúðar og
samvinnublæ. Samgöngur litlar. Þefsýkin um hagi
annara — þessi andlega rotnun — gerði ekki vart
við sig.

Kirkju og safnaðarlíf var fjörugt. Kirkjurnar
voru tvær, en þá var Grímstungukirkja lögð niður.
Olli það mikilli óánægju og gremju í sókninni

er um þetta skrifað í Reykjavíkurpóstinum 1848 bls. 161.

Eitt af síðustu nytja fyrirtækjum 19. aldarinnar, og sem mun hafa mikla þýðingu fyrir okkur núlifandi menn, var stofnun kaupfjelagsins. Aflangt mál að fara út í þróunarsögu þess. Hjeðan úr sveit hafði sú hugsjón duglega fylgismenn, t. d. Jón Hannesson, Björn Sigfússon o. fl.

Þegar vjer nú að síðustu lítum yfir þennan aldar-hluta, andlegar og verklegar framfarir, og sjáum hverja örðugleika var að yfirstíga, hljótum vjer að komast að þeirri niðurstöðu, að aðstaðan var slæm, en samt mikið lagt í sölurnar fyrir komandi tíma. Þeir eldri hafa sáð, við höfum skorið upp og búum í hendur næsta tíma.

---



# Vísubotnar.

Nú flytur Ingimundur gamli botnana, er hann mæltist til — í 1. tölubl. sínu — að fá sjer senda. Upphaflega er vísan — sem átti að botna — á þessa leið:

Striki halla lífs ei lát
löng þó falli ganga,
varst hinn snjalli verður mát
á vandans fjalli stranga.

Björn kvað: — — — og vonir allar brjóti bát
brims við svallið stranga.

Einn kvað hann: — — það hafa allir á þeim gát
~~sem~~ ~~orku~~ snjalla vandamál.

Hárr kvað: — — þú munt varla varast mát
viljirðu svalla og þranga.

Jafnhárr kvað: — — ~~hvíldist~~ þú galla ~~hróp~~ og fát
hafa alla þarftu gát.

Þriði kvað: — — jeg er að falla í fjandans mát
fyrir galla stranga.

Einn kvað hann: — Nei skal falla í fjandans mál
fyrir galla stranga.

Og einn kvað hann: — — og öldur gjalli; og brjóti bál
boðafallið stranga.

Þorleifur jarlaskáld kvað: — — torsótt allnær undir mál
upp um fjalladranga.

Þögull kvað: — hreystin snjalla hamlar mál
þó hrukki skalla og vanga.

Bragi kvað: — — dæmir alla drengi mál
dauðakallið stranga.

Ritstjóri: Kristján Sigurðsson

---

# Ingimundur gamli

| Nr. 4 | Laugardaginn 11. apríl | I. árg. |
|---|---|---|

## Síðustu harðindin

Niðurlag.

Stjórnin gerði strax ráðstafanir, til að verk þetta komist í framkvæmd og sjeð til þess starfa tvo verkfræðinga, er áður höfðu staðið hjer fyrir byggingu opinberra fyrirtækja. Gekk þetta allt svo fljótt fyrir sjer, að þeir lögðu upp norður, áður þingi var lokið.

Brautarstæðið athuguðu þeir fyrst á norðurleið, sem næst póstleiðinni, en þegar norður kom, reyndist þeim sá vegur arið langur, og þar af leiðandi að brautin mundi kosta mikið fje. Vildu þeir því einnig athuga, hvort ekki væri

gerandi að leggja brautina alla skemstu leið
yfir hálendið og lögðu því þá leið til baka aftur
suður. Ferð þeirra gekk allvel, þar til að þeir
komu að Blöndu í Blönduvöðum. Þegar þeir
komu vestur undir ána, kom yfir þoka mikil
voru þeir því ekki vissir hvar þeir fóru. En
vaðleysur ~~xxxx~~ eru í Blöndu og víða eru í henni
sandbleytur, gekk þeim því illa að komast yfir
hana, en er þeir loks komust yfir ána, fundu
þeir ekki veginn — svo kallaðan Skagfirðingaveg,
er liggur vestur allan Stórasand. Þeir fóru því
vegleysur og villur vegar. En von bráðar voru þeir
svo heppnir, að í gegnum þokuna glóra þeir í
tjald, halda þeir heim að því, og búast þar
við að hitta ferðafólk, er þeir gætu fengið til
samfylgdar, eða leiðsögn hjá um veginn.

Þegar heim að tjaldinu kemur, fer að
vandast málið, því að það er mannlaust, en
skamt frá því sjá þeir grasabing mikinn.
Þykjast þeir því sjá, að hjer muni grasafólk
hafast við. Ráða þeir því af að láta þarna fyr-
ir berast, þar til fólkið vitji tjaldsins, spretta
því af hestum sínum, sleppa þeim í haga, en
fara sjálfir inn í tjaldið og leysa upp nesti sitt



Þegar þeir komu að tjaldinu, var komið um
náttmál, töldu þeir því víst að tjaldbúar kæmu
bráðlega heim, þektu ekki þann sið grasafólks
að vera í tjaldi að deginum, en við grös að nóttunni.
Þeim brást því sú von sín að það kæmi bráðlega
heim, því að þá var það einmitt nýfarið, er þeir
komu að tjaldinu. Verkfræðingarnir sáu því sinn
hag bestan, að láta fyrirberast þar í tjaldinu, þar
til tjaldbúar kæmu heim, er ekki mundi langt
að bíða, eða ef þokunni ljetti, svo að þeir
gætu komist á rjetta leið.

Er þeir höfðu lokið snæðingi, lögðust þeir fyrir
í tjaldinu, og sofnuðu brátt og sváfu til morguns.
Þá kom grasafólkið heim að tjaldinu.

Fjórar stúlkur af Ásum höfðu verið þar
við grös. Voru þær fluttar þangað að heiman og
ætluðu að liggja þar við í vikutíma, skyldu
þær þá sóttar, því að hesta hafði verið farið
með heim.

Ekki komu þær að tjaldinu fyr en
komið var langt fram á morgun, því að grasa-
tekja hafði verið góð um nóttina, sakir þokunn-
ar. Stúlkurnar voru því þreyttar og syfjaðar

eftir alla útiveruna, því að oftast leggur fólk á sig miklar vökur við grös, ef góðar eru rekjur.

Ein þeirra var roskin kona og hafði helst forystu þeirra. Hafði hún oft farið til grasa í fyrri tíð og því kunnug á heiðinni, einnig hvatgerð og dugleg að eðlisfari. Hún varð því fyrst til þess að líta inn í tjaldið, en þótt að hún ætti þar engra manna von, varð henni ekkert hverft við þótt að hún sæi tvo menn sofandi í tjaldinu, en hættir við að fara inn og hugsar sjer að láta hinar fara inn á undan. Þegar stúlkurnar koma að tjaldinu flýta þær sjer inn. Sú sem fyrst fer, tekur ekkert eftir því að menn eru þar fyrir, fyr en hún er næstum komin inn í tjaldið rekur hún þá upp hljóð mikið af hræðslu en við það vakna verkfræðingarnir við vondan draum, verða þeir í fyrstu engu minna skelk-aðir en stúlkurnar.

Brátt jafnaði það sig alt eftir hræðsluna og biðja þeir afsökunar, að þeir með nærveru sinni þar í tjaldinu, hafi orsakað stúlkunni hræðslu. Segjast þeir vera ferðamenn á suður-leið, en er þeir hafi fundið tjaldið, þá tekið



það ráð, að bíða þeirra, er með það ættu.

Annar verkfræðingurinn var útlendingur og því ekki vel að sjer í íslensku, hafði því sá innfæddi mest orð fyrir þeim.

Hann spyr hvort ekki sje hjer einhver karlmaður með þeim, er svo væri kunnugur, að hann gæti sagt sjer til vegar og vísað þeim aftur á Skag-firðingaveg. Þær segjast vera hjer aðeins fjórar stúlkur og hafi dvalið hjer nokkra daga, en munu verða sóttar eftir tvo daga. Allar sjeu þær ókunnugar nema konan, er áður var nefnd. Hún kvaðst hafa nokkrum sinnum á yngri árum farið hjer framum heiðina, en aldrei svo langt, að hún hafi komið á veginn.

Verkfræðingurinn spyr hvaðan þær sjeu og hvar þær væru nú. Konan segir þær vera af tveim bæjum á Ásum, er hún nefnir, en nú erum við fyrir framan Friðmundarvatn, austara.

Miklar ófærur eru hjer umhverfis, og því lítt fært nema kunnugum, ekki síst þar sem nú er mikil þoka. Býður hún þeim að dvelja meðan hún hiti þeim kaffi, og þekkjast þeir boðið, en á meðan ætla þeir að gæta gripa sinna. En er þeir koma út úr tjaldinu, líst

þeim ekki á, því að nú er þokan svartari en áður, sjá þeir hvergi hesta sína, telja því engu þýðingu að leita þeirra meðan ekkert rofar. Þeir fara þá aftur inn í tjaldið. Setja stúlkurnar þá að snæðingi, og hita kaffi á olíuvjel.

Innlendi verkfræðingurinn fór þá að skeggræða við öldruðu konuna um landsins gagn og nauðsynjar. Hann spyr hana að heiti, hún kvaðst alment vera kölluð Borga.

Brátt snýrist talið að ferð þeirra og kvað verkfræðingurinn vandræði, hversu heiðavegirnir væru víðast ógloggir, og sumstaðar lítt færar stórár, s.s. Blanda. Taldi hann víst, að ef vegir þessir væru betri, og verstu árnar brúaðar, þá mundu þeir vera fjölfarnari, þar eð það væri miklu styttri leið milli Norður og Suðurlands, en póstleiðin.

Borga kvaðst trúa því, að nokkrir fleiri mundu fara fjallvegina, væru þeir betri, en kvaðst ekki trúa, að farið yrði að brúa stórárnar á heiðum uppi, því að mikið mundi það kosta, hjelt helst að ekki yrði hægt að brúa Blöndu, nema til þess yrðu fengnir einhverjir útlendingar, því að ekki mundu vera



um innlenda menn að gera, sem væru því vaxnir að sjá um brúargerð á jafnstórri á og Blanda væri.

Verkfræðingurinn brosti í kampinn og kvað það vandræðalaust að byggja brúna, aðeins ef að þingið veitti nægilegt fje til þess. Borga sagðist trúa því, að menn mundu fást til þess að byggja brúna en það væri ekki þar með sagt, að hún gæti staðið lengi.

„Hvaða ástæðu hafið þjer til þess að vantreysta því, að innlendir geti síður bygt brúna en útlendir?" Hana hefi jeg ekki mikla, en samt þó nokkra, því að fyrir nokkrum árum var gerð brú yfir litlum læk, skamt frá heimili mínu. Hún var bygð eftir fyrirsögn verkfræðings. Sú brú fór í næstu vorleysingu. Sumarið eftir var hún endurbygð, þá einnig eftir fyrirsögn verkfræðings, og af mönnum, er hann sjálfur rjeði til verksins. Nú er brúin ~~xx~~, að ~~hún~~ ~~xx~~ að vísu farin, en búast má við, að hún valdi slysi þegar minst varir. Það munu því vera fleiri en jeg, sem hafa litla trú á því, að þeim mönnum sje trúandi fyrir vandasömum verkum og umfangsmiklum, er ekki eru því vaxnir að

leysa af hendi vandaminni verkin.

En mistök geta nú alt af átt sjer stað. Ja — á. Maðurinn minn sálugi sagði líka að afistörf sumra manna væru mistök, samt fengju þeir þau vel launuð af landsfje, en einna ljósast sæjust mistök þeirra á launum, því að hversu mikil sem þau launin væru, þá nægðu þau þeim ekki til að lifa af og beiddu, því altaf um meira og meira.

Nú hvað vera búið að veita þeim flestum viðbótarlaun og dýrtíðaruppbót, og þeim, sem verst hefir gengið að lifa af launum, hafa fengið þau [illegible] á erfðafestu.

Þegar hjer var komið samræðunum, var kaffið heitt, og hafði Borga lagað það meðan á stóð á samtalinu. Framreiddi hún það eftir bestu föngum, og bað gestina að gera svo vel og drekka kaffið með þeim stúlkunum, sem þeir og gerðu með góðri lyst.

Eggert Konráðsson.



## Þýtt úr sænsku.

Þetta sem hjer birtist, er úr ræðu sem skáldkonan, Selma Lagerlöf, lætur prest halda við jarðarför nokkurra hermanna, er sænskir fiskimenn drógu upp í net sín, skömmu eftir orustuna í Norðursjónum, milli Englendinga og Þjóðverja. Líkin rak þúsundum saman um sjóinn, og upp að ströndum Svíþjóðar. Vill hún sýna hve illa og gálauslega er farið með lífið, dýrmætustu eign mannanna.

---

. . . . . . . . . .

— — — Og nú þegar ógnir dauðans hafa gagntekið okkur, þá spyrjum við: Er enginn jarðneskur máttur til, sem megnar að berjast gegn honum? Við vitum að á jörðunni er aðeins eitt, sem berst við dauðann og er svarinn óvinur hans. Það er lífið.

Á þessum stríðstímum, þegar slíkt kemur fyrir, að tugum þúsunda af mönnum er kastað í sjóinn, eins og ekkert væri um að vera, og aðrir tugir þúsunda eru settir í fang

elst, eins og það væri bara leikur, til þess að vera
hreykinn af, og öðrum tugum þúsunda er slátrað
fyrir framan fallbyssukjaftana, eins og það væri
heiðarleg athöfn, og enn aðrir tugir þúsunda eru
reknir burt frá heimilum sínum, eins og það
væri rjettmætt. — Meðan þessu fer fram, held jeg
þó að við finnum hjá okkur meiri ást til lífs-
ins, en nokkru sinni áður.

Því lífið hefir verið hógværa ambáttin, sem
reynir að gera öllum til hæfis og engra bauma
krefst. Lífið er hversdagsfæða okkar, sem við
tökum naumast eftir að við neytum. Lífið er
ekki eins og höfðingi, sem málað er af stór mynd
og ekki eins og vofa, sem hræðir okkur í rökkrinu.
Lífið hefir ekki einu sinni eigin persónu, sem
hægt er að þekkja það á. Þrátt fyrir alt þetta er
lífið þó það, sem við elskum mest af öllu.

En vinir mínir, kærleikurinn er ekki ein-
hlýtur. Mjer liggur við að segja, að lífið sje eins
og illa uppalið barn. Það getur verið alið upp
fremur af ást en skynsemi, svo að það verði
okkar til skammar og skapraunar og sein-
ast alveg óþolandi. — Það má líka segja að
lífið sje eins og ung brúður, sem þú flytur

heim í hús þitt og gefur alla ást þína, það er
henni þó ekki nóg. Þú verður að umgangast hana
með lotningu og ró, sýna henni rjettlæti og vera
góður við hana, annars yfirgefur hún þig og þú
verður eftir einmana og fullur örvæntingar,
af því að þú beiddir hana ekki rjetta veginn.

Nú bið jeg ykkur alla — sem hafið safn-
ast saman við gröf þessara hermanna — að fylgja
mjer í huganum út á sjóinn, út fyrir ystu skerin,
við þurfum ekki langt, því að þeir sem við
ætlum að mæta, eru nálægt okkur. — Jeg fór
sjálfur þangað í gær, til að sjá þá dauðu, sem eru
nærri komnir að landi. Þessa, sem korkvestin
halda uppi, svo að þeir geta ekki sokkið. Þessar
þúsundir, sem fleygt hefir verið í sjóinn, eins og
þeir væru sorp, er menn vildu losna við.

Jeg bið ykkur alla — í huganum að minsta
kosti — að fylgja mjer þangað út og sjá þá sjón.
Þið munuð sjá svartar augnatóftirnar í ná-
bleikum andlitunum gína móti ykkur. Þið
munuð sjá hvernig kjálkarnir hanga niður, og
hendurnar — sem eru einkennilega upplyftar —
veifa í takt við ölduganginn. Þið munuð sjá
þá, sem fljóta með uppblásinn kviðinn, og

þá, sem liggja með fæturna upp í loftið og allt í einu snúast við, svo að höfuðin koma upp, svo sem það væru loddarar, að steypa sjer kollhnísu. Þið munuð sjá höfuðin, sem snúast til hægri og vinstri, eins og þau vildu segja okkur eitthvað. Þið munuð sjá þá sem hafa steypst í sjóinn allir sundurskotnir. Og þið munuð sjá argandi gráðuga ránfugla og fiska, sem hoppa upp í loftið af gleði. — Og þessi sjón átti að festast svo í huga ykkar, að þið gleymduð henni aldrei.

Þið spyrjið: „Hví viltu að við sjáum þetta? Við erum friðsamt og heiðarlegt fólk, stríðið er ekki okkur að kenna og við höfum heldur ekkert vald til þess að stöðva það." En jeg segi ykkur, að þessa sendiboða skelfinganna, eigið þið að sjá og gleyma þeim aldrei. Það hefir ekki verið af ástæðulausu, að þá hefir rekið hingað. — Við eigum ekki að kæfa niður sorgina og viðbjóðinn, sem þessi sjón vekur hjá okkur. Hún á að gagntaka svo hverja taug okkar, að við gleymum því aldrei. — Því þótt að þetta sje ekki okkur að kenna, og við eigum engan þátt í því þá höfum við þó lesið um það í blöðunum, og



þótt — ef til vill — þó nokkuð varið í að þetta skyldi bera við á okkar tímum. Við höfum dáðst að herkænskunni, og við höfum haldið með öðrum málsaðila, og glaðst þegar honum hefir gengið betur. Sumir ykkar hafa grætt á stríðinu, og sumir ykkar hafa haldið að margt mundi breytast til batnaðar og þjóðirnar verða hraustari og betri.

Allir ungir og gamlir hafa að minsta kosti hugsað um stríðið.

En nú eru þessir dauðu komnir til þess að sýna okkur það, sem okkur hefir ekki verið nógu ljóst áður — að stríðið er andstyggilegt og viðbjóðslegt, því að þetta, sem flýtur á sjónum, er hvorki ofsjónir eða uppspuni, heldur raunverulegur sannleikur. Og þetta getur komið fyrir aftur, eftir nokkur ár. Þess vegna skuluð* þið útmála þetta fyrir öðrum, svo að þeir heyri aldrei svo orðið „stríð", án þess fari um þá hrylling. Og það á vera andstyggilegt mannlegum eyrum. Það eru ef til vill aðrir, er sjeð hafa það, sem er enn verra en þetta, og þeir eiga líka að tala og skrifa um stríðið, svo það fylgi því svo mikil ógn og skelfing að við getum aldrei yfirunnið það. Því hvað vitum við nema eftir nokkur ár verði svo farið að gleymast sorgin og skaðinn, sem hlotist hefir af stríðinu, að næsta kynslóð gangi aftur gunnreif út í nýtt stríð.

Aðsent. 46

# Leiðrjetting.

Misritast hefir í 3ja tölubl. Ingimundar gamla, bls. 27 í annari línu að neðan. Á að vitast þannig: Kirkjurnar voru tvær, en þá í ráði, að Grímstungukirkja yrði lögð niður.

Til frekari skýringar skal þess getið, að síðast var messað í Grímstungukirkju, sunnudaginn 23. okt. 1881, en kirkjan þá seld við uppboð eftir tvo daga. Grímstunga var því útkirkja frá því að síra Sigvaldi sagði af sjer 1847 til 1881.

Deilan um niðurlagning kirkjunnar stóð því yfir ~~þá~~ í 34 ár. Samanber brjef síra Jóns sál. Eiríkssonar frá 1847, og ennfremur bónarbrjef Grímstungusóknarmanna til konungs, dags. sama ár, um „að hans hátign leyfi ekki að brauðunum yrði steypt saman.“

Höf.



# Tínt úr gömlu móði.

Það hafði lengi verið skæruur með þeim ~~sannleik~~ [illegible]unum Sannleik og Lýgi. Hvorugt vildi þoka fyrir hinu, og bæði þóttust góð fyrir sig. Þau voru kunnug frá barnæsku, og menn sögðu, að líkt væri um aldur þeirra. En með því að þau þóttu næsta ólík skapi farin, var jafnan grunnt á því góða með þeim.

Lýgi sat í óðalseign sinni, þegar hjer var komið sögunni. Hún var sjálfglöð og drembin, tröll að vexti með feykna ístru, og krosslagði jafnan hendurnar á bumbunni, er hún talaði: Það þótti sópa að henni í sveita og landsmálum, enda tók hún drjúgan þátt í þeim, vildu fæstir þar etja kappi við hana, og þótti betra „heilum vagni heim að aka“.

Þessu var farið nokkuð á annan veg með Sannleik. Það var almæli, að hann hefði rjett til hnífs og skeiðar. Hann átti þó part af ábýlisjörð sinni, og ljek hugur á að festa kaup í meiru af henni, en Lýgi reyndi að fóra fætur við þessu, með því að hana fýsti að auka lendur sínar. Var því tvísýnt hvernig fara

mundi.

Sannleikur gaf sig alt minna við opinberum málum, og þegar gramkona hans var sem heitust í þeim, fór hann jafnan hægra, en nöldraði svona í hálfum hljóðum ofan í bringu sjer.

Einhverju sinni voru þau Sannleikur og Lygi í boði hjá Gullhamri nágranna sínum. Var drukkið fast að fornum sið, og ræður haldnar. Þótti Gullhamri segjast mæta vel. Hann mælti fyrir minni beggja heiðursgestanna, og varð ekki á milli gert hvort þeirra hlaut meira lof, en ræðan hafði verið íburðamikil.

Gestirnir áttu samleið heim til sín, og jöguðust allmikið. Varð mest að sundurþykkju, hvort þeirra hefði hlotið meira lof í veislunni, og hvort væri þess verðugra. „Ráði hvort sínum stóla", eins og gengur. Deilan harðnaði, voru þau þá komin að á þeirri er skildi ábýlisjarðir þeirra. Hjet hún Fyrirlitning og var allstraumhörð. Hugðust þau ætla kæla blóðið hvort í öðru, og jusu hvort annað vatni ósparlega, og ljetu höndum skifta.



Það fylgdi og sögunni, að ekki hafði Sannleikur, átt neitt gott með að synda, í róstu þeirri, hvers kyns ~~xxxx xxxx~~ hann var, enda fleygðu gárungarnir því á milli sín, að hann væri naumast kvensterkur. Hann var enda lítill vexti, grannur, siginaxla og fremur handleggja-langur, en allir báru honum þó, að hann væri töluvert þolinn og seigur.

Árin liðu, en lítið þótti skipast með samkomulagið hjá þeim Lygi og Sannleik. Það virtist þó svo, sem þessir seiglingseiginleikar hans kæmu öllu betur í ljós en áður, enda var það haft eftir Lygi, að hann væri mesta „ólíkinda tól", og það fanst á henni, að hún þreyttist heldur í þessum endalausu erjum, og ístran var ~~ekki~~ talsvert að rjena, og sögðu kunnugir og að hún væri farin að taka allmikil föll í pilsin sín.

Þorkell yngri.

## Staka.

Ef mig þreytir stundarstríð,
stirð er leið að rósum,
styrk mjer veitir vonin blíð
veginn skreytir ljósum.

Björn Blöndal

# Vorhret.

Enn eru sárköld sveitaskjól
sálu fær því nýtur,
Norðri þrár á þularstól
þrumir hárahvítur.

Gyllir fríða geislatraf
grund og hlíðar ekki
sumarblíðan byrgist af
brunahríðarmekki.

Útum flóa, fjöll og grund
flestum svar gæðum
hagalóin öll er und
orpin snjóaklæðum.

Kuldaskorðuð skelfa nóg
Skuldar orðanotin
hungurmorða hjörð í kró
hnígur fordaþrotin.

Fyrst með rökum rann ósmá
reinir óslökku landi.



Hver er sökin, okkar á
elds og jökullandi?

Valda styggu veðratök,
vansæld byggir hreysi
fyrst að liggur flestra sök
fyrirhyggjuleysi.

Tapar mætti trúin manns
traudla bætt, er morgnar,
standa hátt til hafs og lands
helgivættir fornar.

Björn Blöndal

# Stökur

Þegar frostið fer að mold
þá er sumarblíða,
oft eru köld á fósturfold
faðmlög vetrarhríða.

Við þau hefir fengið þraska gl
þjóðar mesta happið

inst við kjarnann aðeins til:
íslenskt þor og kappið.

Ef við hefðum altaf vor
æska björtu tíða,
myndi dvína þrek og þor
þyrfti ei að stríða.
Ef á blóma bjartan völl
blésu ei vetrarþrautir,
fyrirhyggja og framkvæmd öll
færi sömu brautir.

Ef að blóma ilm úr laut
altaf mætti finna,
æskublóðsins ólga, þraut
enga hefði að vinna.

Oft hefir stríðs askan hált
aldrei náð að skjóli,
það er vorri þjóðarætt
þarfur reynsluskóli.

Þegar fer um fóstru kalt
frost og hríða krapið,



þá er goldið þúsundfalt
í þreksjóð vorsins — tapið.

Björn Blöndal.

## Yfirlýsing.

Í öðru tölubl. Dýraverndarans þ. á., er grein með fyrirsögninni: „Vornótt“, og undir henni stendur: Kr. Sigurðsson. Í grein þessari er sveigt að Vatnsdælingum fyrir svanadráp. Með því að jeg undirritaður hefir komist að því, að allmargir hjer í sveitinni álíta að jeg hafi skrifað áminsta grein, lýsi jeg hjer með yfir því, að jeg á hvorki orð eða hugsun í henni.

Brúsastöðum 7. apríl 1920.

Kristján Sigurðsson.

# Búpeningur
á
fóðri í Áshreppi veturinn 1919–20.

---

**Nautgripir:** 128, þar af eru 84 kýr.

**Hross:** 705 alls.

**Sauðfje:** 4777 er skiftist þannig: ær 3773, gemlingar 870, sauðir og hrútar: 134.

Búpeningstal þetta er tekið upp úr skoðunarskýrslu forðagæslumanna hreppsins, en með því að síðari skoðun fór ekki fram á öllum bæjum, getur skepnutala verið aðeins meiri eða minni. Jeg vil samt sem áður senda þjer, „Ingimundur gamli", þessa fjenaðartölu og biðja þig að geyma seinni tímanum, svo að afkomendur vorir sjái hversu mikinn fjenað við höfum haft á fóðri, harða veturinn 1919–20.

Ef að þú, Ingimundur gamli, verður á ferð hjá okkur Vatnsdalum næsta vetur, væri



vel til fallið að senda þjer til geymslu lýsingu á því, hvernig þessi fjenaður komst af, og hvernig arð hann hefir gefið.

Á. B. J.

## Gott til íhugunar.

Einhver merkasti og vitrasti bóndi þessa lands hefir komist svo að orði: „Það er hugsjón mín og metnaður í búskapnum, að geta skilað jörðinni minni svo til niðja minna, þegar jeg er orðinn gamall og lúinn, að þá geti eins vel lifað tveir bændur á henni, eins og einn þegar jeg tók við henni." Betur að allir hefðu þessa hugsjón og þenna metnað, sem eru í góðum efnum og eiga jarðir. Þetta mætti og verða til þess að slá ofurlítið á þann rembingshugsunarhátt — er sumir hafa — að jarðir eigi alls ekki að vera til tvískiftanna.

---

# Sumarvísur.[1]

(Hringhendur.)

Nætur bjartar nor við pól
nú svo bjartans blíðar
þegar skartið „svefnlaus sól"
sitt á margt um hlíðar.

Varmi blærinn viðrar baðm
vekur skóra glyminn,
nú með kærleik falla í faðm
fold og sær og himinn.

---

1) Ingimundur gamli birtir þessar vísur með hálfum huga, því að nú á þessum dögum er fátt sem minnir á „blíðar nætur" og blómskrýdda haga, en með því að hann hefir minst vetrarins og vorhreta í bundnu máli og ekki að ástæðulausu en ekkert hinnar betri hlíðar náttúrunnar, hygst hann að birta vísur þessar, svo að hann verði ekki ámælisverður fyrir að gleyma því góða.



Heimaalinn þekki jeg þá,
þýða dalaróminn,
morgunsvalinn oft sjer á
einkatal við blómin.

Fjörst og næst er röðulrím
rist og læst um haga,
fyrst þó glæsta fána að hún
fjöllin hæstu draga.

Alt um kring til unnar,
árdags syngur harpa
geislafingur glóeyjar
gulli á lyngið varpa.

Lifnar smátt að leyndri rót
lífs eru áttir kunnar,
finnur mátt og björg og bót
á brjóstum náttúrunnar.

Þá fór andinn eitthvað nýtt
um sig vandað trafið
þegar land er pelli prýtt
og perlubandi vafið.

Huldur allar, inni frá
eiga fjall og seida
fyrir mig kalla eintal á
inn til fjalla og heida.

Þar má lýdur fridstund fá
finna í strídi bætur,
hlusta blídukvidum á
„helgar tídir" nætur.

Kemna myndi jeg mætan óm
margs kyns fyndid gaman
þar sem lind og broshýrt blóm
blanda yndi saman.

Á þeim torgum ádur sá
enga sorgarbrunna,
skýjaborgum blikadi á
bernskumorgunsunna.

Burt þad horfna berst sem slíg,
breytist, þornar kynning,
samt jeg ornast enn vid þig,
öskuforna minning.

Þorkell yngri



# Kvedjuord.

Med því ad þetta á ad vera sídasta koma Ingimundar gamla til ykkar fjelagsmanna ad sinni, skal notad tækifærid og til þess ad þakka ykkur sem í hann hafid skrifad bædi bundid og óbundid. Bladid finnur og sjerstaka ástædu til þess ad þakka þeim, er standa utan vid fjelagid, en hafa þó sent því margt gott til birtingar.

Þess skal hjer og getid sem bendingu til seinni tímans, ad helsti fáir af fjelagsmönnum hafa skrifad í bladid, og væri æskilegt ad breyting yrdi á þessu, ef ad þad starfadi hjer sídar.

Þad, sem vantar á grein Þorsteins Konrádssonar: „Sídan um aldamótin", gat því midur ekki komid nú í bladinu, sökum annríkis hjá höf. og þess, ad þad kostadi mikinn tíma og fyrirhöfn, ad draga saman efnid í svo yfirgripsmikla grein, sem höf. ætladist til ad hún yrdi.

Ad svo mæltu óskar bladid ykkur góds og gledilegs sumars.

Ritstjórinn.

## Efnisyfirlit

Ávarpsorð: Ritstj.
Aukið landnám: Á. B. J.
Stökur: Geir Kristjánsson
Vetrarkvöld: Þorkell yngri
Skallalög: (Broh.) B. Sigf.
Vísuhelmingur.
Dulinn kærleikur: Þork. yngri (þýddi)
Söngurinn: Hulda.
Athugasemd: Ritstj.
Fáein orð um nýtískuljóð: Þorkell yngri.
Vetrarvísur: Björn Blöndal
Síðan um aldamótin: Þorsteinn Konráðsson.
Jón Bjarnason (Kvæð.): Geir Kristjánss.
Sögur Rannveigar: Þorkell yngri.
Síðustu harðindin: Eggert Konráðsson
Hugleiðingar: Þorkell yngri.
Vísubotnar.
Þytt úr sænsku: Ásmund
Leiðrjetting.
Forhreh. Staka og stökur: Björn Blöndal
Yfirlýsing: Kristján Sigurðsson
Búpeningur: Á. B. J.
Gott til athugunar.

# Ingimundur gamli

| 1. blað | Laugardaginn 22. jan. 1921. | II. árg. |
|---|---|---|

## Ingimundur heilsar

Þegar ársins fyrsti röðull, roða-
rósum hnýtir hátt á fjallsins brún,
miklast þráin mannheim aftur skoða,
mjer, sem heldur dauðans kalda rún.
Kasta jeg af mjer hufli nás og grafar
karli gömlum skelfur ekki hönd,
held svo út í heiminn enn án tafar
hjer skal aftur nema ókunn lönd.